

# ÁRSSKÝRSLA 2025

AMNESTY  
INTERNATIONAL



# AMNESTY INTERNATIONAL STENDUR VÖRÐ UM MANNRÉTTINDI, RÉTTLÆTI, FRELSI OG REISN

Amnesty International er alþjóðleg mannréttindahreyfing rúmlega 10 milljóna einstaklinga í meira en 150 löndum sem standa vörð um mannréttindi á grundvelli alþjóðlegrar einingar. Við berjumst fyrir heimi þar sem allar manneskjur fá að njóta mannréttinda sinna. Við rannsökum margvísleg mannréttindabrot og beitum yfirvöld, áhrifamikla aðila og fyrirtæki þrýstingi. Þannig reynum við að tryggja að þessir aðilar standi við gefin fyrirheit og virði alþjóðalög. Með því að miðla áhrifamiklum reynslusögum fólksins sem við vinnum með virkjum við milljónir stuðningsaðila okkar um heim allan til að berjast fyrir breytingum og koma aðgerðasinnum í framlínunni til aðstoðar.



**TAKK FYRIR STUÐNINGINN**

Allt starf Amnesty International er  
fjármagnað og drifið áfram af  
einstaklingum eins og þér!

**Íslandsdeild Amnesty International**

# EFNISYFIRLIT

|                                                                                |    |
|--------------------------------------------------------------------------------|----|
| Ávarp formanns .....                                                           | 4  |
| Fólkið á bak við starfið .....                                                 | 5  |
| Andspyrna gegn valdboðsstefnu .....                                            | 6  |
| Aðgerða- og ungliðastarf .....                                                 | 8  |
| Mannréttindafræðsla .....                                                      | 10 |
| Gulfánaverkefnið .....                                                         | 11 |
| Mótmælavakt .....                                                              | 12 |
| Prýstingur á stjórnvöld og fyrirtæki .....                                     | 13 |
| Raddir byltingarinnar – frásögn um umbreytingu<br>og afhjúpun óréttlætis ..... | 14 |
| Heimsping Amnesty International 2025 .....                                     | 17 |
| Skemmtilegast að kynnast fólki sem deilir ástríðu<br>fyrir mannréttindum ..... | 18 |
| Ungliðafundur í Svíþjóð til að spyrna gegn valdboðsstefnunni ..                | 20 |
| Ráðstefna um mannréttindafræðslu .....                                         | 21 |
| Hinsegin baráttan .....                                                        | 22 |
| Gleðigangan á Íslandi eins og þjóðhátíðarfögnuður .....                        | 23 |
| Mannréttindasigrar ársins 2025 .....                                           | 26 |
| Let Children Live .....                                                        | 30 |
| Samtakamáttur til sigurs – <i>þitt nafn bjargar lífi</i> .....                 | 32 |
| Undirskrift er með betri gjöfum .....                                          | 36 |
| Háskólasamstarf .....                                                          | 37 |
| Samfélagsmiðlar .....                                                          | 38 |
| Fjölmiðlar .....                                                               | 39 |
| Ljósmyndasýningin <i>NærVera</i> .....                                         | 40 |
| Frjálst aukaframlag til styrktar alþjóðastarfi samtakanna ....                 | 41 |
| Helstu tekjur og gjöld 2025 .....                                              | 41 |
| Fjáröflun .....                                                                | 42 |

# MANNÚÐIN MUN SIGRA ÁVARP FORMANNS

Enn eitt starfsár Íslandsdeildar Amnesty International er liðið og því miður hefur mannréttindum sjaldan verið ógnað eins víða og nú. Stríð og vopnuð átök hafa valdið ómældum þjáningum óbreyttra borgara. Hungursneyð vofir yfir milljónum á átakasvæðum og sífellt fleiri neyðast til að flyja heimili sín í leit að öryggi og mannlegri reisn. Samhliða þessu sjáum við víða vaxandi ógn gagnvart grundvallarréttindum: Kynþáttafordómar og annað misrétti sækja í sig veðrið og vegið er að réttindum hinsegin fólks.

Þessi staða í heiminum minnir okkur á að ekki er sjálfgefið að mannréttindi séu virt. Árangur sem náðst hefur í áratuga-langri baráttu getur verið brothættur og krefst stöðugrar samstöðu og kjarks til að standa gegn óréttlæti. Hlutverk Amnesty hefur því sjaldan verið jafn mikilvægt og nú – að standa vörð um mannlega reisn, rannsaka mannréttindabrot og styðja þau sem berjast fyrir réttlæti víða um heim.

Amnesty vinnur markvisst gegn vaxandi valdboðsstefnu á heimsvísu. Stjórnvöld víða reyna að þagga niður andóf, þrengja að borgaralegu samfélagi og grafa undan réttarríkinu. Þetta getur birst í árásum á fjölmiðlafrelsi, auknu eftirliti með borgurum og aðgerðum til að bæla niður stjórnarandstöðu. Verkefni Amnesty er ekki aðeins að vekja athygli á slíkum brotum heldur einnig að þrýsta á stjórnvöld, hafa áhrif á stefnumótun og krefjast þess að mannréttindi séu virt bæði í lögum og framkvæmd.

Á heimsþingi Amnesty International í Prag árið 2025 voru ungliðar í fyrsta sinn þriðjungur hvernar sendinefndar. Markmiðið er að tryggja að raddir ungs fólks fái raunverulegt vægi þegar ákvarðanir eru teknar um framtíð samtakanna. Cynthia Anne Namugambe var valin fulltrúi ungliða eftir umsóknarferli Íslandsdeildarinnar og tók virkan þátt í starfi þingsins. Hún stóð sig með þrýði og var í hópi kraftmikilla ungliða frá öllum heimshlutum sem sýndu að það skiptir máli að ungt fólk fái sæti við borðið.

Heimsþingið var, eins og jafnan, bæði fróðlegt og gefandi. Við hlýddum á áhrifamikil erindi og unnum saman í hópum þar sem reynsla og áskoranir í ólíkum löndum komu skýrt fram. Stundum hellist yfir mann vonleysi þegar fólk lýsir aðstæðum í sínu landi en á móti heyrast líka sögur af sigrum sem minna á að breytingar eru mögulegar og gefa styrk til að halda áfram.

Á heimsþingum myndast einnig vinátta og tengsl sem gjarnan skila sér í samstarfi síðar. Gott dæmi er þegar Senthoran Raj, fyrrverandi formaður bresku deildarinnar, kom til landsins á Hinsegin dögum eftir kynni á heimsþingi. Hann hélt áhrifamikið erindi og stýrði vinnustofu með ungliða-hreyfingu deildarinnar og var með í hópnum á palli Amnesty í gleðigöngunni sjálfri á einum fallegasta degi sumarsins.

Íslandsdeild tók þátt í fjöldafundinum *Þjóð gegn þjóðarmorði* á Austurvelli ásamt á annað hundrað samtökum og félögum. Vonin jókst við að sjá þúsundir koma saman í veður-



Eva Einarsdóttir, formaður  
Íslandsdeildar Amnesty International.

blíðunni og krefjast þess að íslensk stjórnvöld gripu til tafarlausra aðgerða til að stöðva hópmorðið á Palestínubúum á Gaza.

Íslandsdeild Amnesty bauð einnig margverðlaunaðri sýr-lenskri heimildarmyndagerðarkonu og aðgerðasinnna, Linu, til landsins í tengslum við RIFF. Þar var sýnd heimildarmynd hennar, *5 Seasons of Revolution*, sem er djörf frásögn um umbrotatíma í Sýrlandi. Slíkir viðburðir minna okkur á mikilvægi þess að hlusta á raddir fólks sem lifir af átök og kúgun af eigin raun.

Við höldum vonarljósinu áfram á lofti þrátt fyrir áskoranir og höldum baráttunni ótrauð áfram. Saman erum við sterkari og mannúðin mun sigra.

Hljýjar þakkir til allra sem leggja hönd á plóg og standa vörð um mannréttindi.

Eva Einarsdóttir, formaður  
Íslandsdeildar Amnesty International

# FÓLKID Á BAK VIÐ STARFIÐ

Starfsemi Íslandsdeildarinnar væri ekkert án fólksins. Hún er ein af rúmlega 60 landsdeildum Amnesty International um heim allan.

Í lok árs voru sjö starfsmenn hjá deildinni.

Stjórnin skal skipuð fimm stjórnarmeðlimum og tveimur varamönnum.

Ungliðahreyfingin er fyrir ungt fólk á aldrinum 14–25 ára.



## STJÓRN ÍSLANDSDEILDAR 2025–2026

### Formaður

Eva Einarsdóttir

### Varaformaður

Albert Björn Lúdvígsson,  
lét af embætti í nóvember

### Ritari

G. Pétur Matthíasson

### Gjaldkeri og varaformaður

Harpa Pétursdóttir

### Meðstjórnandi

Helena Hafsteinsdóttir

### Varamenn

Donika Kolica

Tinna Ingvarsdóttir



Mynd af Tinnu  
Ingvarsdóttur vantar.



## UNGLIÐAR

Ungliðahreyfing deildarinnar kaus ekki formlega stjórn líkt og árið áður. Ýmsir ungliðar gegndu ábyrgðarhlutverkum fyrir Íslandsdeildina í ár. Tveir ungliðar sátu í norrænu ungliðaráði og einn ungliði var fulltrúi á heimsþingi. Alls fóru fimm ungliðar til Svíþjóðar á ungliðafund.

Heiðrún Vala Hilmarsdóttir, fulltrúi í norræna ungliðaráðinu og fulltrúi á ungliðafundi í Svíþjóð.

Edda Sól Arthursdóttir, fulltrúi í norræna ungliðaráðinu og fulltrúi á ungliðafundi í Svíþjóð.

Íris Björk Ágústsdóttir, leiðbeinandi á ungliðafundi í Svíþjóð.

Cynthia Anne Namugambe, ungliðafulltrúi á heimsþingi og fulltrúi á ungliðafundi í Svíþjóð.

Aryelle Orléane Immer Fannýjardóttir, fulltrúi á ungliðafundi í Svíþjóð.

## STARFSFÓLK

### Framkvæmdastjóri

Anna Lúðvíksdóttir

### Fræðslustjóri

Eygló Árnadóttir, hóf störf í mars

### Herferðastjóri

Bryndís Bjarnadóttir, kom úr leyfi í september

### Lögfræðingur

Þórunn Pálína Jónsdóttir, lét af störfum í mars

### Verkefnastjóri vefsíðu, þjónustu og samskipta

Anna Dóra Valsdóttir

### Ungliða- og aðgerðastjóri

Árni Kristjánsson, var í leyfi í september og október

### Fjáröflunar- og verkefnastjóri

Rúna Friðriksdóttir

### Samfélagsmiðlafulltrúi

Stefanía Sigurdís Jóhannudóttir, hóf störf í ágúst

### Bókhald

Debet — endurskoðun og reikningsskil

Ritstjórn: Anna Lúðvíksdóttir, Anna Dóra Valsdóttir og Eygló Árnadóttir

Prófarkalestur: Sigríður Gunnarsdóttir

Uppsetning: Eyjólfur Jónsson

Útgáfa: Íslandsdeild Amnesty International 2026

Prentun: Háskólaprent

Forsíðumynd: Mynd frá fjöldafundinum *Þjóð gegn þjóðarmorði* og af skilti úr herferðinni *Let Children Live*. © Íslandsdeild Amnesty International

www.amnesty.is



# ANDSPYRNA GEGN VALDBOÐSSTEFNU

Um allan heim umbreytir valdboðs-  
stefna samtímans samfélögum með  
samþjöppun valds, skorti á ábyrgð og  
skerðingu mannréttinda. Þróunin er  
sjaldan skyndileg heldur er um hægfara  
breytingar að ræða, sem setja smám  
saman skorður á borgaralegt rými og  
kæfa andóf. Með tímanum verða kerfi  
og stofnanir, sem ætlað er að tryggja  
mannréttindavernd, veikari og erfiðara  
er að draga valdhafa til ábyrgðar.

Viða eru settar takmarkanir á  
tjáningar- og félagafrælsi og réttinn  
til friðsamlegra mótmæla, sótt er að  
frjálsum fjölmiðlum og dómskerfinu,  
grafið undan sjálfstæði lykilstofnana  
og gagnrýnisraddir markvisst þaggaðar  
niður. Þetta er gert undir því yfirsýni  
að verið sé að „endurheimta allsherjar-  
reglu“ eða „standa vörð um þjóðarhags-  
muni“, svo dæmi séu tekin.

Í fyrstu getur lítið út fyrir að þetta hafi  
aðeins áhrif á fáa einstaklinga en þegar  
búið er að veikja mannréttindi er frælsi  
allra í hættu.

Í fjölmörgum samfélögum upplifir  
fólk sundrunu eða óstöðugleika. Það  
upplifir að rödd þess fær ekki hljóð-  
grunn og að áhyggjur þess séu ekki  
teknar alvarlega, sem gerir að verkum  
að það upplifir sig standa utan við  
ákvarðanir sem hafa áhrif á líf þess.  
Við slíkar aðstæður er auðvelt fyrir

valdhafa að ala á ótta, dreifa röngum  
upplýsingum, reka fleyg á milli hópa og  
beina sökinni að jaðarsettum hópum  
eins og hinsegin fólki, útlendingum og  
umsækjendum um alþjóðlega vernd.  
Slíkur hræðsluáróður byggist oft á orð-  
ræðunni „við gegn þeim“.

## VALDBOÐSSTEFNA LÝTUR EKKI AÐEINS EINRÆÐISSTJÓRN

Valdboðsstefna samtímans tekur ekki  
alltaf á sig mynd hefðbundinnar ein-  
ræðisstjórnar heldur má greina slíkt  
í lagasetningu, pólitískri orðræðu og  
stefnumótun þar sem aðgerðir eru  
sagðar nauðsynlegar til að bregð-  
ast við neyðarástandi, öryggisógn og  
félagslegum óstöðugleika. Neyðar-  
lög verða oft varanleg, eftirlit með  
einstaklingum eykst og rangfærslur  
breiðast út. Stjórnvöld beita löggjöfinni  
sem stjórnþeki fremur en að virða  
grundvallarreglur réttarríkisins og  
umbreyta þannig stjórnkerfi sem ætlað  
er að vernda réttindi í þeim tilgangi að  
þagga niður andóf og festa völd í sessi.

Þessa þróun má sjá víða. Í Afganistan  
eru konur og stúlkur kerfisbundið úti-  
lokaðar frá þátttöku í almannaráðmi. Í El  
Salvador hafa langvarandi valdheimildir  
á grundvelli neyðarástands gert fjölda-  
handtökur að geðþótta mögulegar  
án fullnægjandi lagalegrar verndar. Í

Hong Kong hefur þjóðaröryggislöggjöf  
verið beitt til að refsa fyrir andóf. Löggjöf  
í Ungverjalandi sem beinist gegn  
réttindum hinsegin fólks er nýtt til að  
réttlæta takmarkanir á tjáningarfrælsi  
og friðsamlegum samkomum hinsegin  
fólks. Jafnvel í ríkjum með rötgróð líð-  
ræðislegt stjórnarfyrikomulag, eins og í  
Bretlandi, Bandaríkjunum og Hollandi,  
hafa verið sett lög sem takmarka réttinn  
til að mótmæla eða herða löggæslu  
gagnvart friðsamlegum mótmælendum.

## ALIÐ Á ÓTTA OG SUNDRUNU

Valdboðsstefna elur á ótta og  
sundrunu. Gagnrýnendur eru sagðir  
óvinir og lítið á minnihlutahópa sem  
ógn. Opinberri umræðu er stjórnað  
með þeim hætti að smám saman eru  
hertar aðgerðir taldar eðlilegar í augum  
almenningss. Einstök aðgerðir kann  
að virðast hófleg þar til margar slíkar  
aðgerðir samanlagðar þrengja að lýð-  
ræðislegri þátttöku og veikja vernd gegn  
valdmiðslu.

Valdboðsstefna mætir þó ávallt  
andspyrnu. Um allan heim rísa ein-  
staklingar og samfélög upp gegn henni  
með ýmsu móti. Samfélög skipuleggja  
aðstoð til verndar fólki sem verður  
fyrir árásum. Listafólk, fræðarar og  
aðgerðasinnar skora á ríkjandi orð-  
ræðu með skapandi hætti. Stafræðir


## Hvað ef hægt væri að mæla „hitastigið“ í borgaralegu rými í hverju landi fyrir sig til að skoða hversu heilbrigitt það er?

miðlar eru nýttir til að skrásetja mannréttindabrot, virkja alþjóðlegar hreyfingar og komast hjá ritskoðun. Málarekstur fyrir dómstólum gegnir mikilvægu hlutverki í að skora á óréttláta löggjöf, og friðsamleg borgaraleg óhlýðni afhjúpar misrétti og krefst umbóta.

Andspyrna spyrnir ekki aðeins á móti kúgunartilburðum ríkjandi afla heldur getur hún verið umbreytandi afl. Hún getur skapað rými fyrir samstöðu, styrkt raddir jaðarsettra hópa og minnt á að mannréttindi eiga við um okkur öll, alls staðar. Herferð Amnesty International, *Andspyrna (e. Resist)*, hvetur til samstilltra aðgerða gegn kúgun til að verja þau gildi sem liggja til grundvallar frjálsum og réttlátum samfélögum.

Merki um valdboðsstefnu víða um heim verða sífellt skýrari í samtímanum; minnkandi borgaralegt rými, auknar árásir á félagasamtök og sjálfstæða fjölmiðla, og aukið eftirlit og refsingar fyrir andóf. Að bera kennsl á þessi merki er fyrsta skrefið en raunverulegar breytingar krefjast aðgerða.

Ísland er ekki undanskilið þeim möguleika að hér komist til valda einstaklingar sem vilja þrengja að þeim mikilvægu réttindum sem við höfum lengi staðið vörð um, eins og réttinum til tjáningar, félagafrelsi og réttinum til friðsamlegra mótmæla. Því er mikilvægt að fylgjast með fyrstu merkjum þess að stjórnvöld ali á sundrunu og ótta í því augnamiði að skerða réttindi ákveðinna hópa. Við megum aldrei gleyma að réttindi eru aðeins tryggð ef þau ná til allra, líka jaðarsettra hópa sem hafa oft þurft að berjast harðar fyrir viðurkenningu.



### Harðlokað

Aðeins frásagnir stjórnvalda leyfðar, réttindi takmörkuð.

### Alvarlegt

Mótmæli bönnuð, fjölmiðlar ekki óháðir, grasrótahreyfingar leystar upp.

### Minnkandi

Gagnrýnendur handteknir, rógsherferðir, aukið eftirlit.

### Hættumerki

Lagalegar takmarkanir aukast, hótanir hefjast, rangfærslur breiðast út.

### Galopið

Fjölmiðlar frjálsir, mótmæli án kúgunar, öflug borgaraleg tengslanet.

Hitamælirinn er ekki opinber mæling heldur einfalt verkfæri sem er ætlað að hjálpa okkur að hugsa gagnrýnið um hversu opið eða takmarkað borgaralegt rými kann að vera.

Sterkt og réttlátt samfélag byggist á því að við höldum áfram að verja frelsið og mannréttindi hvers og eins, án undantekninga. Framþróun mannréttinda hefur aldrei fylgt beinni línu og framfarir eru aldrei sjálfgæfnar en sagan sýnir að þegar fólk sýnir

samstöðu, veitir andspyrnu og knýr fram breytingar er hægt að spyrna gegn valdboðsstefnu og endurheimta frelsi.

Nú er tíminn til að veita valdboðsstefnu andspyrnu – því mannúðin verður að sigra.

# MANNÚÐIN MUN SIGRA

# AÐGERÐA- OG UNGLIÐASTARF

## UNGLIÐAHREYFINGIN

Öllu ungu fólki á aldrinum 14–25 ára stendur til boða að taka þátt í Ungliða-hreyfingu Íslandsdeildar Amnesty International. Ungliðahreyfingin heldur opna fundi í fyrstu viku hvers mánaðar og stendur fyrir viðburðum og aðgerðum með áherslu á undirskriftasöfnun og vitundarvakningu um mannréttindi.

Ungliðahreyfingin er stöðugt í mótun og leitar ólíkra leiða til að valdefla ungt fólk. Árið 2024 var fyrirkomulagi hreyfingarinnar breytt í samstarfi við ungliðana út frá hugmyndum þeirra. Stjórn ungliðahreyfingarinnar var lögð niður og ákvörðunarvaldið fært til allra þeirra sem mæta á opna fundi í upphafi hvers mánaðar. Í fyrstu mættu fáir en nú á öðru ári þessa fyrirkomulags hefur myndast sterkur hópur sem starfar afar vel saman.

Helstu áherslur ungliða-hreyfingarinnar eru að byggja upp samfélagsvitund og efla frumkvæði og ábyrgðartilfinningu í samræmi við mannréttindaáherslur samtakanna. Þetta er gert með það að markmiði að valdefla ungt fólk sem hefur áhuga á mannréttindum. Tekið er mið af ólíkri reynslu og áhugasviði ungs fólks og verkefnin sem ungliðahreyfingin tekur sér fyrir hendur má flokka á þrjá vegu:

- **Vertu með** – aðgengilegir mannréttindamiðaðir viðburðir eins og tónleikar, sögubod, opnir fundir og opið svið (e. open mic).
- **Taktu þátt** – aðgerðir þar sem undirskriftum er safnað, mannréttindabrotum er mótmælt eða listrænn gjörningur framkvæmdur.
- **Hafðu áhrif** – ungliðar sem hafa öðlast reynslu innan Amnesty International geta sótt um ábyrgðarhlutverk eins og að vera fulltrúi í norrænu ungliðaráði eða fulltrúi á heimspingi samtakanna. Ungliða- og aðgerðastjóri leiðbeinir einnig áhugasömum ungliðum sem vilja stýra viðburðum eða þjálfa yngri ungliða.

## JÁKVÆÐ OG GAGNLEG ÚTRÁS FYRIR REIÐINA

Slagorð hreyfingarinnar „jákvæð og gagnleg útrás fyrir reiðina“ er bein til-

## RAFRÆNT AÐGERÐASTARF

Okkar stærsta aðgerðanet er netákallið. Það var sett á laggirnar árið 2012 og er einfalt aðgerðaform sem getur skipt sköpum. Reglulega er sendur tölvupóstur til netákallsfélaga um áriðandi mál til undirskriftar á vefsíðunni okkar. Í lok árs voru félagar tæplega níu þúsund. Um haustið voru einstaklingar teknir af lista sem höfðu ekki opnað tölvupóst í lengri tíma til að listinn gæfi betri mynd af þátttakendum. Fyrir voru tæplega 19 þúsund skráðir svo þarna voru um tíu þúsund netföng sem höfðu ekki verið virk mjög lengi.

Söfnun undirskrifta hefur smám saman dalað undanfarin ár í netákallinu en í lok árs höfðu safnast rétt tæplega 31 þúsund undirskriftir fyrir 22 mál sem voru send út á árinu að frátöldu herferðinni *Þitt nafn bjargar lífi*.

Einnig hefur fækkað síðastliðin ár í SMS-aðgerðanetinu (sjá bls. 42). Í byrjun árs 2025 fengu um 4.600 manns SMS sent til sín en í lok árs var fjöldinn um 4.200. Í heild söfnuðust á árinu tæplega 11 þúsund undirskriftir fyrir 48 mál sem send voru til SMS-félaga.

Undirskriftasöfnun í gegnum Facebook og Instagram hefur fengið aukið vægi undanfarin ár og þar söfnuðust tæplega átta þúsund undirskriftir.

Að auki söfnuðust undirskriftir í herferðinni *Þitt nafn bjargar lífi* (sjá bls. 32) og á alþjóðlegri vefsíðu sem var eingöngu sett upp fyrir herferðina *Let Children Live* (sjá bls. 30).

Í heild söfnuðust hátt í 90 þúsund undirskriftir á árinu.

vitnun í fyrrverandi ungliða og lýsandi fyrir hvers vegna skipulagt mannréttindastarf með ungu fólki er mikilvægt. Ungliðahreyfingin gefur ungu fólki tækifæri til að finna tilfinningum sínum og sterkri réttlætiskennd uppbyggilegan farveg og vonandi verður aukin þekking á mannréttindum mikilvægt veganesti fyrir framtíðina.

Þátttaka ungs fólks er gríðarlega mikilvæg fyrir samtök eins og Amnesty International vegna þess að sagan sýnir að með krafti ungs fólks er vonin um raunverulegar breytingar aldrei langt undan.

## UNGLIÐASTARF Í MÁLI OG MYNDUM

Starf Ungliðahreyfingar Íslandsdeildar Amnesty International er fjölbreytt og lífligt. Á liðnu ári stóð ungliðahreyfingin fyrir viðburðum, fræðsluheimsóknum

og mannréttindaaðgerðum ásamt því að taka þátt í herferðastarfi Íslandsdeildarinnar.

Haldnir voru 11 opnir fundir á árinu, tvær mannréttindasmiðjur, opið svið (e. open mic), sögubod og ein undirskriftarafhenging. Í ungliðahreyfingunni eru um 15 virkir ungliðar og fylgjendur á Instagram eru 370.

### ► Afhenging undirskrifta í kanadíska sendiráðinu

Í apríl voru afhentar undirskriftir til stuðnings Wetsu'wet'en-þjóðinni í Kanada sem mótmælti lögn gasleiðslu yfir land forfeðranna. Málið var hluti af herferðinni *Þitt nafn bjargar lífi* 2024. Ungliðunum Heiðrúnu Völu Hilmarsdóttur og Cynthia Anne Namugambe, ásamt ungliða- og aðgerðastjóra, var boðið til kanadíska sendiherrans í



Cynthia Anne Namugambe og Heiðrún Vala Hilmarsdóttir afhenda undirskriftir í kanadíska sendiráðinu.



Opinn fundur ungliðahreyfingarinnar 1. maí.



Árni Kristjánsson ungliða- og aðgerðastjóri og ungliðarnir í gleðigöngunni.



Fouad AlNawajha og Askur Hrafn Hannesson í Tjarnarbíói vegna Söguboðs ungliðahreyfingarinnar.

vinsamlegt spjall um frumbyggja og tengingu Íslendinga við náttúruna. Afhendingin var birt á samfélagsmiðlum og fékk 3.285 spilarir á TikTok á árinu.

#### ► Kröfuganga 1. maí

Á alþjóðlegum baráttudegi verkalyðsins, 1. maí, hélt ungliðahreyfingin opinn fund og bauð fjölskyldum sínum að fræðast um ungliðastarfið. Eftir fundinn héldu ungliðar í kröfugönguna undir merkjum Amnesty International.

#### ► Opið svið/Open Mic á Loft hosteli

Ungliðahreyfingin byrjaði sumarið á að heiðra listrænni hliðar mannréttindastarfsins. Kallað var eftir listrænu og mannréttindasinnuðu framlagi og sóttu alls átta um að stíga á svið. Þetta var fjölbreytt og skemmtilegt kvöld með rappi, ljóðum, söng og sellóleik.



Rappað á opnu sviði á Loft hosteli 21. maí.

#### ► Árlegt Söguboð ungliðahreyfingarinnar (e. *Story Sharing Café*)

Söguboð var haldið fjórða árið í röð í tengslum við alþjóðadag flóttafólks þar sem fólki gafst tækifæri til að deila sögu sinni með fólki af ólíkum uppruna. Að þessu sinni var Söguboðið haldið í Tjarnarbíói í samstarfi við No Borders. Sérstakur gestur þar var Fouad AlNawajha sem lýsti með átakanlegum hætti sögu sinni eftir að hafa flúið Gaza.

#### ► Ungliðar á *Let Children Live*

Ungliðarnir Heiðrún Vala Hilmarsdóttir og Magnús Sigurður Jónasson stóðu vaktina í tjaldinu á Austurvelli í herferðinni *Let Children Live* sem unnin var í samstarfi við Barnaheill (sjá bls. 30).

#### ► Mannréttindasmiðja með mannréttindalögfræðingnum Sen

Senthoran Raj var sérstakur gestur á opnum fundi ungliðahreyfingarinnar (sjá viðtal bls. 23). Ungliðarnir tóku einnig þátt í gleðigöngunni.

#### ► Ungliðafundur í Svíþjóð

Fimm ungliðar fóru á fjölmennan ungliðafund í Svíþjóð. Þemað var andspyrna ungmenna gegn valdboðsstefnu með ýmiss konar fræðslu og leikjum (sjá bls. 20).

#### ► Kynningar ungliðahreyfingarinnar

Ungliðarnir Magnús Sigurður Jónasson og Ragnheiður Robin Andrésdóttir heimsóttu skóla og félagsmiðstöðvar til að kynna ungliðahreyfinguna og mannréttindastarfið.



Ungliðar með kynningu í Tjarnarskóla.



Mannréttindasmiðja með Sen.

# MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA


Fræðslu Amnesty International er ætlað að virkja, valdefla og hvetja áheyrendur til aðgerða í þágu mannréttinda. Markmið mannréttindafræðslu í skólum landsins er að nemandinn gangi burt með þrá í hjarta eftir betri heimi og einhver tól til að vinna að samfélagslegum breytingum. Oftast lýkur fræðslunni með raunverulegu tækifæri fyrir nemendur til að grípa til aðgerða og láta gott af sér leiða.

Mannréttindafræðsla snýst ekki aðeins um aukna þekkingu heldur einnig um tilfinningar nemandans, þar sem viðfangsefnið er raunverulegt líf fólks. Verkefni og kennsluáferðir sem virkja nemendur á tilfinningasviðinu telur Amnesty að hafi einna dýpst áhrif. Tilfinningafærni til samkenndar er forsenda þess að nemandi nái að meðtaka og nýta sér fræðslu um misrétti og mannréttindabrot. Mannréttindafræðsla þarf því að snúast um að þjálfar markvisst samkennd nemendanna – sem er einmitt markmið nýs kennslugagns Íslandsdeildar Amnesty International; *samkenndar-spjaldanna*.

## ÞJÁLFUN SAMKENNDAR

Samkenndarspjöldin byggjast á sálfræðikenningum um samkennd og alþjóðlegu mannréttindaherferðinni *Pitt nafn bjargar lífi* (sjá bls. 32). Herferðin kynnir persónulegar sögur þolenda mannréttindabrota, en að kafa ofan í sannar frásagnir er lykilatriði í að byggja upp samkennd og skilja mannlega þáttinn að baki hnattrænum vandamálum. Þrátt fyrir nístandi sögur af misrétti og ofbeldi veitir herferðin von, virkjar samtakamáttinn og gefur raunveruleg tækifæri til að bjarga mannlífum. Hún gefur nemendum innsýn í mannréttindastarf á afar einfaldan en þó djúpan og merkingarbæran hátt.

Samkenndarspjöldin kynna nemendum unga þolendur úr herferð síðustu ára. Annars vegar á spjöldum sem sýna nafn og andlit þolendanna, og þau mannréttindabrot sem fólkíð hefur mátt sæta. Hins vegar á spjöldum án nafns og andlits en með persónulegum upplýsingum á borð við áhugamál viðkomandi. Þeim spjöldum er ætlað að fá nemendur til að líta fram hjá mismunarbreytum, svo sem þjóðerni og litarhafti,



Dæmi um stuðningskveðjur nemenda til þolenda mannréttindabrota.



Samkenndarspjöldin sem kynna mannréttindaherferðina *Pitt nafn bjargar lífi* og þjálfar samkennd nemenda.


sem svo oft draga fólk í dilka með tilheyrandi valdamisvægi, fordómum og misrétti. Með þessu er lögð áhersla á sameiginlega mennsku okkar allra og persónulega þætti sem hinn almenni nemandi á Íslandi gæti hæglega átt sameiginlegt með þolendum í herferðinni. Tilfinningin fyrir mannréttindabrotum verður dýpri ef nemandinn býr fyrst til persónuleg tengsl við þolandann og tengir við eigin reynsluheim.

Meðfram spjöldunum er unnið með hlutverkaleiki, hópavinnu og skapandi skrif. Í lokin býðst nemendum að sýna samkenndina í verki og taka þátt í herferðinni með því að skrifa undir kröfubréf til stjórnvalda og/eða skrifa stuðningskveðjur til þolendanna.

## ELDSKRÍMSLI Í AMAZON

Mikil áhersla var á herferðina *Pitt nafn bjargar lífi* í fræðsluerindum á árinu og var sérstaklega fjallað um mál baráttustúlkna frá Amazon í Ekvador sem berjast gegn gasbruna í tengslum við olíuframleiðslu.

Teiknimyndasagan *Baráttustúlkur Amazon gegn eldskrímslunum* er fræðsluefni þýtt yfir á íslensku og gefið út af deildinni. Hana má nálgast á skrifstofu Íslandsdeildar, en hún kynnir börnum loftslagsbreytingar og mikilvægi umhverfisverndar á ævintýrlegan hátt.





Eygló Árnadóttir fræðslustýra með skólafræðslu um *Pitt nafn bjargar lífi 2025*.



Kvennaskólinn í Reykjavík fær viðurkenningu fyrir sigur í skólakeppni *Pitt nafn bjargar lífi 2024*.



Fræðslustýra og nemendur á Jafnréttisviku Hvolsskóla.

## MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA ÁRSINS

Á árinu 2025 voru haldnir **63** fræðslufundir fyrir **1.781** nemanda.

**Grunnskólar:** 23 fræðslufundir fyrir **547** nemendur.

**Framhaldsskólar:** 29 fræðslufundir fyrir **1.144** nemendur.

**Háskólar:** 4 fræðslufundir fyrir **89** nemendur.

**Kennarar:** 2 fræðslufundir fyrir **33** kennara.

**Almenningur og fyrirtæki:** 5 fræðslufundir fyrir **49** einstaklinga.

# GULFÁNAVERKEFNIÐ

*Gulfáninn* er nýtt verkefni á vegum Íslandsdeildar Amnesty International sem miðað er að framhaldsskólum og unglingadeildum grunnskóla. Fáninn er veittur skólum til viðurkenningar um mannréttindafræðslu og virka þátttöku skóla í mannúðarstarfi, en aðaláhersla verkefnisins er á valdeflingu nemenda og kennara á sviði mannréttinda og jafnréttis. Gulfána hlýtur skóli sem skuldbindur sig til samvinnu við deildina í heilt skólaár. Verkefnið er í höndum fræðslustjóra og ungliða- og aðgerðastjóra deildarinnar og byggist á fjórum meginstólþum sem dreifast jafnt yfir skólaárið:

**1) Kennarafræðsla:** Fyrsti stólpi verkefnisins felur í sér fræðslu fyrir starfsfólk skólans. Allt starfsfólk fær almenna kynningu á verkefninu um haustið, en skólinn útnefnir einnig áhugasamt starfsfólk sem sækir ítarlegra mannréttindanámskeið þar sem verður meðal annars fjallað um eðli og áskoranir mannréttindafræðslu og mikilvæg skref í viðkvæmri umræðu með nemendum. Meðan á verkefninu stendur veita fræðslustjóri og ungliðastjóri Amnesty International gulfánateyminu leiðsögn og stuðning eins og þörf krefur.

**2) Herferðin *Pitt nafn bjargar lífi*:** Gulfánaskólar skuldbinda sig til að taka þátt í herferðinni í lok almanaksárs, enda afar einföld og fræðandi leið til að kynna aðgerðastarfi og þjálfu eigin samkennd. Íslandsdeildin kynnir nemendum og starfsfólki valin mál þolenda mannréttindabrota og leiðir svo skólann áfram í að safna undirskriftum undir kröfubréf til stjórnvalda og í að skrifa stuðningskveðjur til brotaþolanna. Skólarnir sem safna flestum undirskriftum fyrir herferðina fá sérstaka viðurkenningu með viðhöfn og veitingum.

**3) Nemendafræðsla:** Gulfánaviðurkenning byggist ekki síst á mannréttindafræðslu til nemenda þátttökuskólanna. Útfærsla nemendafræðslunnar er ákveðin í sameiningu af gulfánateymi hvers skóla og Íslandsdeild Amnesty International, svo fræðslan skili sér á sem bestan hátt til nemendahópsins og mæti sérstöðu hvers skóla.

**4) Mannréttindastarf nemenda:** Áhersla Gulfánans er á samfélagslega ábyrgð og vitund nemenda, gerendahæfni þeirra og áhuga á réttlátari veröld. Þátttökuskóli gulfána-verkefnisins velur nemendur sem sitja vinnusmiðju og undirbúa þar mannréttindaverkefni innan skólans. Verkefnin geta t.d. verið tengd herferðum Amnesty eða viðeigandi þemaviku í skólanum, unnin innan ákveðinna námsfaga eða fallið undir félags- og hagsmunastarf nemendafélaga.

Gulfána-verkefnið rammur inn mannréttindastarf með grunnskólum og framhaldsskólum, sem Íslandsdeild Amnesty International hefur nú þegar mikla reynslu af, á skilvirkari hátt en áður. Stefnt er að því að verkefnið hefjist haustið 2026.

# MÓTMÆLAVAKT

## VERÐUR ÞÚ MEÐ Í FYRSTU MÓTMÆLAVAKT ÍSLANDS?

Íslandsdeild Amnesty International vinnur að því að innleiða svokallaða mótmælavakt. Íslandsdeildin er meðal rúmlega tuttugu deilda Amnesty International sem annaðhvort eru nú þegar með mótmælavakt eða eru að innleiða hana inn í starf sitt. Mótmælavakt er að mestum hluta unnin af sjálfbóðaliðum og því heillandi tækifæri fyrir áhuga-sama að taka þátt í þessu spennandi verkefni og vera hluti af mannréttinda-baráttunni hér á Íslandi.

## EN HVAD ER EIGINLEGA MÓTMÆLAVAKT?

Mótmælavöktun hefur verið framkvæmd með ýmsum leiðum frá sjöunda áratug síðustu aldar. Hún felst í því að skrá-setja með einföldum hætti atburði og framgang yfirvalda gagnvart óbreyttum borgurum í þeim tilgangi að vernda tjáningar- og fundafrelsið. Þetta er einföld skrásetning á atburðum. Mótmælavakt er mikilvægur óháður sjónarvottur til viðbótar við vitnisburð lögreglu og mótmælenda. Amnesty International er með skýrar vinnureglur þegar kemur að mótmælavaktinni til að tryggja eins og best verður á kosið að ferlið sé öruggt og skilvirkt fyrir alla þátttakendur. Skýrt er að vöktun mótmæla er lögleg samkvæmt alþjóðalögum. Í bókun 37 frá árinu 2020, sem fjallar um 21. grein í alþjóðasamningi um borgaraleg og



Mótmælavakt Amnesty International að störfum í Finnlandi.

© Amnesty International í Finnlandi

stjórnmálaleg réttindi, kemur fram að þau sem vakta mótmæli eigi að njóta verndar og athæfi þeirra teljist ekki refsivert jafnvel þótt fundur verði ófriðsamlegur.

Í framkvæmd er mótmælavakt ekki flókin. Að undangengnu undirbúningsnámskeiði geta sjálfbóðaliðar tekið þátt í mótmælavakt. Á þeim mótmælum sem verða vöktuð mæta þátttakendur í sýnileikavestum merktum mótmælavakt Amnesty International og vinna saman í þörum við að taka myndir og skrásetja með skriflegum hætti hvernig mótmælin fara fram og taka myndir. Öllum gögnum er síðan skilað til úrvinnslu á skrifstofu Íslandsdeildarinnar.

## GAGNSEMI MÓTMÆLAVAKTAR

Upplýsingar frá öðrum deildum Amnesty International sýna fram á margþætta gagnsemi mótmælavaktarinnar. Sýnileiki hennar á mótmælum dregur úr ófriði milli lögreglu og mótmælenda. Í Slóveníu hafði ofbeldi lögreglu gagnvart mótmælendum viðgengist lengi en með tilkomu mótmælavaktar þar í landi voru bæði skipuleggjendur og lögreglufyrirvöld farin að bjóða mótmælavakt að mæta á staðinn vegna jákvæðra áhrifa sem hún hafði.

Mótmælavakt vekur mótmælendur til vitundar um réttinn til að mótmæla og styður við hópá og félagsamtök sem vilja nýta rétt sinn til tjáningar- og fundafrelsis. Í Finnlandi má segja að mótmælavaktin hafi slegið í gegn þar sem hún er vinsælasta sjálfbóðastarfið sem Amnesty International býður upp á. Er henni lýst sem uppbyggilegu aðgerðastarfi fyrir þátttakendur.

## HVERNIG ER HÆGT AÐ TAKA ÞÁTT Í MÓTMÆLAVAKTINNI?

Til að taka þátt í mótmælavaktinni á Íslandi þarf fyrst að mæta á undirbúningsnámskeið þar sem farið er yfir leiðarvísi mótmælavaktarinnar, helstu öryggisatriði og verklagsreglur.

Það eru spennandi tímar fram undan en fyrsta námskeið í mótmælavakt deildarinnar verður haldið á árinu. Fylgist með.



Mótmælavaktin er eitt vinsælasta sjálfbóðastarf Amnesty International í Finnlandi.

© Amnesty International í Finnlandi

# ÞRÝSTINGUR Á STJÓRNVÖLD OG FYRIRTÆKI

Eitt mikilvægasta verkfæri Amnesty International þegar kemur að verndun mannréttinda um allan heim er hagsmunagæsla og samtal við valdhafa. Með stöðugum þrýstingi á stjórnvöld, stofnanir og stórfyrirtæki næst raunverulegur árangur sem hefur jákvæð áhrif á bæði einstaklinga og samfélög.

Hér á landi er löng hefð fyrir því að Íslandsdeildin hafi gott aðgengi að valdhöfum til þess að ræða stöðu mannréttinda hvort sem er hér heima eða erlendis. Smæð samfélagsins gerir það að verkum að markviss hagsmunagæsla getur haft skjót og sýnileg áhrif.

Ísland er oft talið fyrirmyndarríki í mannréttindum og því vegur afstaða þess þungt á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er að Ísland haldi áfram að vera í fararbroddi hvað viðkemur mannréttindum allra og að við missum ekki sjónar á því að ef réttindi allra eru ekki tryggð er enginn óhultur fyrir mannréttindabrotum.

Alls sendi Íslandsdeild Amnesty International 38 erindi til 65 aðila, bæði yfirvalda og fyrirtækja, ýmist til að gera athugasemdir við frumvörp að lögum, minna á þær mannréttindaskuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir eða til að afla upplýsinga sem snerta mannréttindi.

**Stríðsátök og alþjóðleg mannúðarlög** sem tengdust átökum á Gaza voru fyrirferðarmikil í samtali okkar við stjórnvöld og hópmorðið á Palestínubúum var brýnt.

Því var þrýst á íslensk stjórnvöld að leggja sitt af mörkum á alþjóðavettvangi til að stöðva hópmorðið og þeim einnig færðar undirskriftir frá almenningi. Þá var sent bréf á utanríkisráðherra til að kalla eftir friðsamlegri lausn á málefnum Palestínu og framkvæmd tveggja ríkja lausnar á fundi á vegum Sameinuðu þjóðanna í júní. Ísland var hvatt til að standa vörð um alþjóðleg mannúðarlög, meðal annars í tengslum við leiðtoga-fund NATO í Haag. Einnig var óskað eftir upplýsingum hjá íslenskum yfirvöldum um flugferðir þar sem sótt hefur



**Þórunn Pálína Jónsdóttir lögfræðingur og Anna Lúðvíksdóttir framkvæmdastjóri afhenda Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur utanríkisráðherra undirskriftir frá almenningi vegna hópmorðs á Gaza.**

verið um heimild fyrir vopnaflutningum inn á íslenska landhelgi á árunum 2020–2025 með áminningu um skyldur samkvæmt alþjóðlegum vopnaviðskiptasamningi. Helstu sjóðir og bankar fengu fyrirsögn um mögulegar fjárfestingar þeirra sem kunna að tengjast brotum Ísraels á mannréttindum og alþjóðalögum.

**Alþjóðasamningar og alþjóðadómstólar** skipuðu einnig stóran sess á árinu. Kallað var eftir aðild Íslands að Ljubljana-Haag-sáttmálanum sem styrkir réttlæti fyrir þolendur hópmorðs, glæpa gegn mannúð og stríðsglæpa, og því að Ísland skrifi undir samning Sameinuðu þjóðanna gegn aðskilnaðarstefnu. Þá var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra Íslands hvött til að draga úr áhrifum refsiaðgerða Trumps Bandaríkjaforseta gagnvart Alþjóðlega sakamáladómstólnum og minna stjórnvöld Ungverjalands á handtökuheimild sakamáladómstólsins á hendur Netanjahú vegna heimsóknar hans þar á landi.

**Flóttafólk og útlendingalöggjöf** voru mikið í umræðunni hjá stjórnvöldum. Veittar voru umsagnir um lagafrumvörp um afturköllun alþjóðlegrar verndar, brottfararstöð fyrir útlendinga og aðrar breytingar á útlendingalögum.

Til að áréttu afstöðu Amnesty International var umsögnum fylgt eftir og tækifæri nýtt til að koma ábendingum á framfæri við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna um stöðu flóttafólks hérlandis. Einnig var óskað eftir upplýsingum frá Útlendingastofnun um vegabréfsáritanir fyrir mannréttindafrómuði inn á Schengen.

**Önnur réttindamál** á Íslandi sem deildin sendi umsagnir um vörðuðu kynjajafnrétti vegna þingsályktunar um framkvæmdaáætlun, frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn vegna öryggisvistunar. Að auki tók deildin þátt í samráðsfundi um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna.

**Einangrunarvist** var áfram í brenni-depli hjá deildinni. Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, nýr dómsmálaráðherra, var upplýst um niðurstöður rannsóknar Amnesty International frá árinu 2023 um einangrunarvist í gæsluvarðhaldi. Einnig sendi stjórn deildarinnar út yfirlýsingu vegna fréttu um langvarandi beitingu einangrunarvistar gagnvart ungri konu og lýsti deildin yfir áhyggjum sínum vegna þess.

# RADDIR BYLTINGARINNAR – FRÁSÖGN UM UMBREYTINGU OG AFHJÚPUN ÓRÉTTLÆTIS

SÝRLENSK HEIMILDARMYNDAGERÐARKONA Á RIFF

Lina, margverðlaunuð sýrlesk heimildarmyndagerðarkona, aðgerðasinni og rannsakandi, var gestur Íslandsdeildar Amnesty International dagana 27. september til 1. október 2025 á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík (RIFF). Hin rómaða heimildarmynd hennar *5 Seasons of Revolution* var til sýningar á hátíðinni. Að sýningu lokinni var staðið fyrir pallborðsumræðum og tekið á móti spurningum úr sal.

Katrín Jakobsdóttir fyrrverandi forsætisráðherra stýrði umræðunum en ásamt Linu tóku Þórir Jónsson Hraundal, aðstoðarprófessor við Háskóla Íslands sem kennt hefur sögu Mið-Austurlanda, og Magnea Marinósdóttir, alþjóðastjórnmálafræðingur og sérfræðingur í jafnréttismálum, þátt í pallborðsumræðunum. Í umræðunum var kafað ofan í þau samfélagsmál sem tengjast myndinni.

Myndin er í senn djörf frásögn um umbrotatíma í Sýrlandi þegar bylting hófst árið 2011 og áleitín saga af ungri konu sem nauðbeygd verður sögu-maður um eigin örlög.

Í þessu viðtali greinir Lina frá reynslu sinni af því að skrásetja byltinguna, þeim tolli sem það tekur að verða vitni að óréttlæti og hinni viðkvæmu en lífseigu von sem lifir í aðgerðastarfi.

## Hvernig varð hugmyndin að heimildarmyndinni *5 Seasons of Revolution* til?

Þegar mótmælin hófust árið 2011 starfaði ég sem fjölmiðlakona fyrir sjónvarp en jafnframt sjálfstætt starfandi heimildarmyndagerðarkona. Ég vildi skrásetja dýpri mannlegar sögur sem tveggja mínútna fréttaskýringar gætu ekki gert skil.

Ég var sérstaklega knúin áfram að skrá þátttöku kvenna í byltingunni til að tryggja að hlutverk þeirra hyrfi



Heimildarmyndagerðarkonan og aðgerðasinninn Lina.

ekki úr sögunni. Ég ferðaðist vítt og breitt um landið á þeim tímum þegar margir mánuðir af mótmælum urðu að margra ára stríði. Ég sá hvernig eining stjórnarandstöðunnar brast undan þunga ofbeldisins. Hlutverk mitt breyttist sífellt, stundum var ég fjölmiðlakona, stundum vinkona eða þögull áhorfandi. Það var ekki fyrr en mörgum árum síðar, þegar ég sat í klippiherberginu í fjarlægð frá atburðunum, að ég gat í raun íhugað hvað hafði átt sér stað og tengt saman hið persónulega og hið pólitíska og fundið mynstrin sem leyndust undir ringulreiðinni.

## Hvernig upphófst byltingin?

Þetta hófst allt með skelfilegu atviki í borginni Daraa, þegar hópur skólabarna spreyaði „Þú ert næstur, læknir“ með vísan í forsetann, Bashar al-Assad. Börnin voru handtekin og pynduð og fjölskyldur þeirra niðurlægðar fyrir það eitt að spyrjast fyrir um þau. Þessi grimmdarverk vöktu reiði um allt land.

Mótmæli brutust út og öryggissveitirnar brugðust við með skotvopnum. Upp frá því tók ofbeldið að magnast og breiðast út.

Í upphafi var byltingin sem sagt viðbragð við pyndingum á nokkrum unglingum. Síðar var efnavopnum beint að heilu íbúðahverfunum. Umfang grimmdarverkanna jókst svo gríðarlega að fólk varð að endingu dofið gagnvart ofbeldinu. Siðferðislegur þröskuldur samfélagsins breytist við síendurtekin fjöldamorð og er ein alvarlegasta arfleifð stríðsins.

Nú þegar einræðisstjórn Assads heldur þjóðinni ekki lengur í heljargreipum reyna margir Sýrlendingar að endurheimta tilfinningu fyrir réttu og röngu þar sem jafnvel ein ólögleg handtaka verður óviðunandi. Eftir svona mörg ár af grimmdarverkum eiga sumir erfitt með að rata veginn út úr þessum tilfinningalega doða. Þeir bera „smávægileg“ brot saman við þann hrylling sem þeir urðu vitni að og segja: „Þetta er ekki svo slæmt.“ Að endurheimta sið-



Fjörugar umræður sköpuðust í pallborðsumræðum eftir sýningu heimildarmyndarinnar *5 Seasons of Revolution*.

ferðislegan áttavita er eitt það erfiðasta sem fram undan er.

### Hvaða áhrif hafði byltingin á þig bæði persónulega og í starfi?

Þetta var hraðnámskeið í fjölmiðlun við afar erfiðar aðstæður, undir gríðarlegu álagi, með takmörkuðum bjargráðum og án nokkurs leiðarvísis. Maður þroskast hratt þegar hver ákvörðun felur í sér áhættu. Það komu upp margvísleg siðferðisleg álitamál sem ég á enn í vandræðum með í dag samanber hvernig á að taka upp myndefni, hvað á að sýna og hvenær á að leggja myndavélina frá sér. Engin þjálfun getur undirbúið mann fyrir slíkt. Á sama tíma varð allt einhvern veginn sterkara, litirnir bjartari og tilfinningarnar dýpri. Þetta var upp á líf og dauða en tilgangurinn var öllu yfirsterkari. Að vinna með öðru fólki við slíkar aðstæður leiddi líka í ljós hversu brothætt samvinna getur verið. Málamiðlun verður erfið þegar hver og einn hættir lífi sínu fyrir málstað sem hann trúir á. Þá lærir maður erfiðar

lexíur um traust, leiðtogaþæfni og auðmýkt.

### Hvernig er staðan í Sýrlandi í dag?

Enn eiga sér stað óteljandi brot á réttindum einstaklinga. Geðþóttahandtökur eiga sér stað, mannhvörf og eignaupptökur. Að hluta til eru þetta einkenni óreiðunnar sem tók við eftir að stjórn Assads féll. En við sjáum líka úthugsað og kerfisbundið óréttlæti. Heilu samfélögunum er refsað vegna meintrar hollustu. Þetta eru ekki tilviljunarkenndar aðgerðir heldur stefna yfirvalda. Þessi skipulögðu mann-réttindabrot grafa undan allri von um raunverulegan frið.

### Þú notaðir mörg dulnefni á meðan tókur stóðu yfir. Hvaða áhrif hafði það á þig?

Að nota dulnefni var algjör nauðsyn bæði fyrir mitt eigið öryggi og annarra. Ég notaði mismunandi nöfn í ólíkum borgum og aðskildi þannig hlutverk mín sem kvikmyndagerðarkona, fjöl-

miðlakona og aðgerðasinni. Þetta dró úr hættunni á að hægt væri að rekja slóð mína, því nafn sem birtist aðeins af og til vekur litla athygli. Með tímanum þróaði ég ólíkar persónur fyrir hvert dulnefni. Stundum komu dagar þar sem ég saknaði einhverra af þessum mörgu persónum sem ég hafði þróað. Það var undarleg tilfinning, eins konar þrá eftir annarri sjálfsmynd. Þetta endurspeglaði líka sundrunu landsins: ein þjóð sem hafði klotnað í marga veruleika. Minn innri klotningur endurspeglaði á vissan hátt klotning Sýrlands.

### Þú upplifðir fangavist vegna starfa þinna og varðst vitni að pyndingum. Hvernig vinnur þú úr slíkri reynslu á sama tíma og þú deilir sögu þinni?

Fangavist í Sýrlandi bar keim af miðöldum. Fangelsin voru dýflissur í bókstaflegri merkingu þar sem allt gat gerst. Ég hitti konu sem framdi þann eina „glæp“ að færa hermönnum vistir á eftirlitsstöð. Hún var sökuð um að ætla að eitra fyrir þeim vegna þess að



Starfsfólk og stjórnarformaður Íslandsdeildar Amnesty International ásamt Linu og Katrínu Jakobsdóttur að sýningu lokinni.

hún neitaði að drekka dós af Red bull-orkudrykk. Hún var ólæs og hélt að drykkurinn gæti innihaldið áfengi. Fyrir það eitt þurfti hún að þola pyndingar.

Til samanburðar fékk ég mun vægari meðferð, þar sem ég kom úr forréttindahópi samfélagsins. Ég varð fyrir sálrænum þrýstingi en ekki líkamlegum pyndingum. Í kvikmyndinni leitast ég við að halda réttu jafnvægi í framsetningu á fangavist minni sem sýnir hryllinginn án þess að gera of mikið úr eigin þjáningu.

#### Hvert er hlutverk kvikmyndagerðarfólks, fjölmiðlafólks og listafólks við að varpa ljósi á mannréttindabrot þegar athygli heimsins dvínar?

Þetta er eitt af erfiðustu verkefnunum. Fólk þreytist á þjáningu. Það hættir að fylgjast með, ekki af skeytingarleysi eða af því að það

samþykkir óréttlætið heldur vegna vanmáttar og samkenndarþreytu. Í stað þess að reiðin stigmagnist með tímanum dofna samkenndin. Frásagnarlistin stendur þá frammi fyrir þeirri áskorun að finna leiðir til að halda tilfinningunum lifandi án þess að lama áhorfandann.

Það er viðkvæmur línudans. Ef þú sýnir of lítið þá gleymir heimurinn, ef þú sýnir of mikið þá loka áhorfendur augunum. Tilfinningaleg skammtastjórnun verður lykilatriði, að hreyfa við fólki án þess að það lamist.

#### Hvaða skilaboð viltu senda til ungra Sýrlendinga, sérstaklega kvenna sem berjast áfram fyrir réttlæti og virðingu?

Ég skil þau sem eru of þreytt til að halda baráttunni áfram fullkomlega. Mörg hafa lagt allt í sölurnar og reyna nú einfaldlega að lifa af í samfélagi þar

sem efnahagurinn er hruninn. Samt gefur ný kynslóð mér von, ungmenni sem ólust upp í skugga stríðsins en halda enn fast í trúna um betra samfélag. Þau eru upplýst, tengd umheiminum og skilja stjórnarmál mun betur en við gerðum á tímum einræðisins. Þrátt fyrir allt sem þau hafa gengið í gegnum hafa þau ekki glatað tilgangi sínum eða misst trúna á framtíðina.

Þegar ég hugsa til baka, um eigin æsku, var Sýrland svo friðsælt að kyrrðin varð næstum leiðinleg. Móðir mín hafði meiri áhyggjur af mér í London en í Damaskus. Fyrir þau sem nú eru á tvítugsaldri er sá heimur ekki lengur til. Þau eru að móta nýtt Sýrland úr rústunum, full hugrekki sem fyllir mig auðmykt.

#### Hvers vegna var mikilvægt fyrir þig að vekja athygli á hlutverki kvenna í byltingunni?

Mér fannst mikilvægt að draga fram hlutverk kvenna í byltingunni vegna þess að sagan hefur tilhneigingu til að gleyma konum. Á öllum umbrotatímum, í stríðum, byltingum og hamförum, vinna konur við hlið karla á öllum vígstöðvum en þegar sagan er skrifuð hverfa nöfn þeirra. Ég vildi tryggja að það gerðist ekki í þetta sinn.

Konur voru alls staðar í byltingunni. Þær voru lögfræðingar sem vörðu fanga, skrásettu mannréttindabrot, smygluðu lyfjum, voru hjúkrunarfræðingar sem hlúðu að hinum særðu, kennarar barna á flóttu, stofnendur frjálsra félagasamtaka og sögðu fréttir á vettvangi. Einungis á vígvellinum vorum við fáar en á öllum öðrum sviðum vorum við í miðju baráttunnar.

#### Hvað hélt þér gangandi þegar þú lítur til baka?

Ég hugsa fyrst og fremst til fólksins sem er enn í Sýrlandi, fjölmiðlafólks, heilbrigðisstarfsfólks, kennara og mæðra sem sinna í hljóði lífsnauðsynlegum störfum. Þau minna mig á að andspyrna þarf ekki alltaf að vera dramatísk. Stundum felst hún einfaldlega í því að halda í mannúðina á þeim stöðum þar sem hún hefur gleymst. Að mínu mati er það sannasta byltingarformið.

*Viðtal tekið við Linu meðan á heimsókn hennar stóð í september 2025.*

# HEIMSPING AMNESTY INTERNATIONAL 2025

Mikilvægur þáttur í starfi deilda Amnesty International er þátt-taka á heimspingi samtakanna ár hvert. Þá hittast allar deildir Amnesty International til að ræða mál sem brenna á fólki innan samtakanna hverju sinni og taka ákvarðanir um næstu skref í mannréttindabaráttunni. Það má segja að því miður sé af nægu að taka og umræðuefnin óþrjótandi en mannréttinda-brot eru því miður enn víðtæk, grimm og réttlætt af valdhöfum heimsins. Það er mikilvægt fyrir deildir að koma saman reglu-lega til að tryggja ábyrgðarskyldu samtakanna, en á heims-pinginu er árangur starfsins og fjárhagsleg staða þeirra kynnt og áætlanir næstu ára samþykktar. Ekki er síður mikilvægt að á heimspingum Amnesty International er fólk kosið í alþjóðlegar stöður; til dæmis í alþjóðastjórnina og ýmsar undirnefndir, sem tryggir framgang mannréttindastarfsins og að lýðræðislegar ákvarðanir séu teknar í stjórnun samtakanna.

Að fá tækifæri til að taka þátt í heimspingi Amnesty International er bæði gríðarlega mikilvægt og hvetjandi fyrir sam-tökin í heild. Á persónulegri nótum finn ég kraftinn sem ég kem með heim; eins og nýjar hugmyndir, eldmóð og tengsl við samstarfsfólk erlendis sem getur orðið grunnur að frekara sam-starfi. Þarna hittast formenn, framkvæmdastjórar og ungliðar alls staðar að úr heiminum til að ræða hvaða málefni eru mest aðkallandi hverju sinni, og móta þannig og taka ákvarðanir um framtíð mannréttindastarfsins. Það var sérstaklega áhrifaríkt að sjá hve miklum og fjölbreyttum mannauði samtökin búa yfir og hversu mikil áhersla er lögð á opna umræðu, nýjar hugmyndir og sameiginlegar lausnir til að styrkja áhrifamátt okkar. Ungliðar voru í fyrsta sinn þriðjungur þátttakenda en árið áður hafði verið samþykkt að tryggja að einn fulltrúi í hverri sendinefnd, sem oft-ast samanstendur af formanni, framkvæmdastjóra og einum til viðbótar, kæmi úr hópi ungmenna. Ljóst var á þinginu að þessi ungmennahópur býr yfir krafti og eldmóði en var einnig gagn-rýnninn og óhræddur við að spyrja spurninga, sem er hollt fyrir stór og rótgróin samtök eins og Amnesty International.

Rauði þráðurinn á heimspinginu 2025 var að ögra, skapa og umbreyta, og þannig rísa saman fyrir mannréttindi með sterkari og markvissari aðgerðum. Vaxandi valdboðsstefna (e. authoritarianism) í heiminum ógnar réttindum okkar allra en þó sérstaklega jaðarsettra hópa. Amnesty mun, sem sam-stiga, sjálfstæð og hlutlaus hreyfing, rísa upp gegn valdboði og afhjúpa valdhafa sem brjóta mannréttindi.

Mannréttindi eru ekki sjálfgefin og við megum hvergi sofna á verðinum. Mannréttindabaráttan krefst stöðugrar þátttöku, samstöðu og skýrrar sýnar. Mannréttindi eru grunnurinn að réttlátu samfélagi, en þrengt er að þeim víða um heim. Vernda þarf þau þvert á lönd og menningu til að verja réttindi allra. Í því kjarnast tilgangur Amnesty International og við náum aðeins því markmiði með því að fleiri gangi til liðs við samtökin og láti í sér heyrta!

*Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri  
Íslandsdeildar Amnesty International*



Framkvæmdastjóri við hlið Taners Kılıç, fyrrverandi formanns tyrknesku deildarinnar, sem var eitt sinn rang-lega fangelsaður.



Eva Einarsdóttir formaður, Cynthia Anne Namugambe ungliðafulltrúi, Agnès Callamard, aðalframkvæmdastjóri Amnesty International og Anna Lúðvíksdóttir framkvæmdastjóri.

**„EKKERT STYRKIR VALD EINS MIÐ OG ÞÖGNIN“**

– Leonardo da Vinci



Framkvæmdastjóri í mannréttindaaðgerð úti á götu í Prag.



Herferðin *Andspyrna* kynnt.



António Guterres, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hélt ávarp.



Framkvæmdastjóri og formaður taka þátt í undirskriftaraðgerð.



Umræður á heimspinginu.

# SKEMMTILEGAST AÐ KYNNAST FÓLKI SEM DEILIR ÁSTRÍÐU FYRIR MANNRÉTTINDUM

Cynthia Anne Namugambe, 20 ára verkfræðinemi, er ungliði og aðgerðasinni Íslandsdeildar Amnesty International sem hefur tekið virkan þátt í starfi deildarinnar undanfarin ár. Hún var valin til að fara fyrir hönd deildarinnar sem ungliðafulltrúi á árlegt heimsþing Amnesty International (sjá bls. 17) sem haldið var í Prag í lok júlí. Þá tók hún einnig þátt í Evrópuþundi samtakanna sem haldinn var í mars sem undirbúningur fyrir heimsþingið. Cynthia fluttist frá Úganda til Íslands 10 ára, árið 2015, með móður sinni og hefur því kynnst tveimur menningarheimum sem er ekki síst gagnlegt í alþjóðasamstarfi. Cynthia hefur staðið sig frábærlega í öllu sem hún hefur tekið sér fyrir hendur innan Amnesty International og er deildin afar þakklát fyrir hennar störf. Við fengum hana til að svara nokkrum spurningum og deila reynslu sinni sem ungliði og frá þátttöku sinni á heimsþinginu.



Cynthia Anne Namugambe.

## Hvernig kom það til að þú byrjaðir í Ungliðahreyfingu Íslandsdeildar Amnesty International?

Ég kynntist Amnesty International

fyrst fyrir tilviljun þegar ég var stöðvuð úti á götu af fulltrúa samtakanna. Úr því samtali kviknaði áhugi minn á starfi samtakanna og ég byrjaði að styrkja þau



Cynthia ásamt öðrum ungliðum í aðgerð úti á götu á heimsþinginu í Prag.

fjárhagslega. Skömmu síðar gekk ég í ungliðahreyfinguna og fór til Svíþjóðar á norrænan ungliðafund. Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á mannréttindum og því hvernig þau veita ungu fólki rödd í samfélagsmálum. Það heillaði mig að fá tækifæri til að hafa áhrif á mannréttindamál, bæði hér á Íslandi og á alþjóðlegum vettvangi.

## Hvaða mannréttindum brennur þú helst fyrir?

Ég brenn sérstaklega fyrir tjáningarfrelsi og rétti fólks til að láta rödd sína heyrast. Mér finnst mikilvægt að allir hafi tækifæri til að segja sína skoðun, taka þátt í umræðu og hafa áhrif á samfélag sitt án ótta við kúgun eða þöggun. Þetta á sérstaklega við um ungt fólk og jaðarsetta hópa sem oft fá ekki nægilegt rými til að tjá sig. Ég tel að þegar fólk fær rödd og hlustað er á það sé hægt að skapa réttlátara og opnara samfélag þar sem fleiri taka þátt í að móta framtíðina.

## Hvað varstu búin að vera lengi þátttakandi í starfi ungliðahreyfingarinnar þegar þú fórst út á heimsþingið?

Ég hafði verið virk í starfinu í rúmt ár áður en ég fór á þingið. Á þeim tíma tók ég þátt í fjölbreyttum viðburðum á vegum Amnesty, sameiginlegum aðgerðum með öðrum ungliðum á Norðurlöndunum og umræðum um réttlæti og jafnrétti. Ég fann fljótt hversu mótandi þessi reynsla var og hvernig hún veitti mér rödd sem ungliði í mannréttindabaráttunni.

## Telur þú mikilvægt að ungliðar fái líka að taka þátt í heimsþinginu og þá hvers vegna?

Algjörlega. Ungt fólk er framtíðin í mannréttindabaráttunni og framtíðarleiðtogar Amnesty. Við sjáum heiminn oft frá öðru sjónarhorni með ferskum og skapandi augum, sem er dýrmætt fyrir framþróun samtakanna. Ef ungt fólk fær



Cynthia heldur ræðu í desember 2024 í aðgerð gegn hópmorði á Palestínubúum.

ekki tækifæri til þátttöku núna, hvernig getum við þá byggt réttlátari heim í framtíðinni? Þátttaka ungmenna á jafn stórum vettvangi sýnir að Amnesty leggur raunverulega áherslu á lýðræði og framtíðarsýn.

### Hvað voru ungliðarnir helst að ræða á heimsþinginu?

Við ræddum einkum um aukna þátttöku ungs fólks í ákvarðanatöku og stjórnun innan Amnesty, loftslagsréttlæti og áhrif loftslagsbreytinga á ólíka heimshluta. Einnig lögðum við áherslu á að efla tengsl deilda og byggja upp alþjóðlegt tengslanet ungs fólks innan Amnesty.

### Hvað stóð upp úr á heimsþingi Amnesty International? Hvað var áhugaverðast eða skemmtilegast?

Það sem stóð upp úr var hversu fjölbreytt og öflug hreyfingin er á heimsvisu. Mér fannst ótrúlega áhugavert að sjá hversu margt ungliðahreyfingar í mismunandi heimsálfum, til dæmis í Afríku, Asíu og Evrópu, eiga sameiginlegt. Það skemmtilegasta var að kynnst fólk sem deilir sömu ástríðu fyrir mannréttindum og ég, og að finna að við erum öll hluti af stærri heild. Einnig fannst mér einstaklega fróðlegt að sjá



Cynthia með ungliðum á fyrsta degi heimsþingsins í Prag.

innra starf, skipulag, ákvarðanatöku og kosningaferlið innan Amnesty auk þeirrar elju sem knýr fólkið áfram.

### Hvað fannst þér þú persónulega læra mest á heimsþinginu?

Ég lærði mjög mikið um innra starf Amnesty en mikilvægastur var lærdómurinn um hversu mikil áhrif ástríða, von og sameiginleg markmið fólks geta haft um allan heiminn. Ég lærði einnig að rödd hvers einstaklings skiptir máli, jafnvel þótt hann komi frá litlu landi eins og Íslandi. Þá varð mér ljóst að leiðtoga-hæfni felst ekki aðeins í því að tala hátt, heldur einnig í því að hlusta, tengjast fólki og byggja upp traust.

### Telur þú ungliðastarf Amnesty International mikilvægt?

Já, án nokkurs vafa. Ungliðastarfið er ekki aðeins vettvangur fyrir aðgerðir heldur einnig skóli í gagnrýnni hugsun, samkennd og samfélagsábyrgð. Það kennir ungu fólki að það getur haft raunveruleg áhrif – óháð uppruna eða bakgrunni. Þetta starf leggur grunn að framtíðarleiðtogum sem berjast fyrir réttlátara samfélagi.

### Myndir þú hvetja ungt fólk til að taka þátt í starfinu og þá hvernig?

Já, svo sannarlega. Ég myndi segja öllu ungu fólki að byrja einfaldlega á því að mæta, taka þátt í umræðum, herferðum og viðburðum. Með tímanum finnur hver og einn sína rödd og sitt hlutverk. Það eru ótal leiðir til að taka þátt í mannréttindabaráttunni; í gegnum listir, vísindi, tónlist og margt fleira. Allir

geta fundið sinn stað innan Amnesty og fjölbreytileikinn gerir hreyfinguna einungis sterkari.

### Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?

Ég vil minna á að mannréttindi eru ekki aðeins málefni „fjarlægra landa“, þau snerta okkur öll á hverjum degi. Það að hafa fjölmenningarlegar raddir innan samtaka eins og Amnesty er styrkur, ekki veikleiki. Ég er afar þakklát fyrir að hafa fengið að standa með ungu fólki alls staðar að úr heiminum og sýna að saman getum við raunverulega breytt heiminum til hins betra.



Cynthia í gleðigöngunni.

# UNGLIÐAFUNDUR Í SVÍÞJÓÐ TIL AÐ SPYRNA GEGN VALDBOÐSSTEFNUNNI

Síðastliðið sumar, 17.–24. ágúst 2025, fór ég ásamt ungliðunum Eddu, Heiðrúnu, Cynthiu og Ellu til Svíþjóðar á skemmtilegan og fræðandi ungliðafund sem sameinaði í fyrsta sinn Evrópufund ungliða (European Youth Meeting) og norrænan fund ungliða (Nordic Youth Annual Meeting). Fundurinn var haldinn á Kårsögården, lítilli eyju rétt utan við Stokkhólm, og þar funduðu saman ungliðar frá ýmsum Evrópulöndum.

Þema fundarins var andspyrna ungmenna á tímum valdboðsstefnu (*Youth Resistance in Times of Rising Authoritarianism*). Markmið fundarins var að gefa fjölbreyttum hópi ungliða tækifæri til þess að kynnst, læra hvert af öðru og deila eigin reynslu. Auk þess tóku þátttakendur þátt í vinnusmiðjum, umræðum og fræðslu til að efla þá í aðgerðastarfi.

Fyrsta daginn var móttaka og farið í alls kyns skemmilega leiki til að kynnst betur fyrir vikuna sem var fram undan. Þar stóð upp úr kraftmikill leikur: *Skæri, blað, steinn*. Síðan var fjallað um andlega heilsu og mikilvægi þess að huga vel að henni í aðgerðastarfi. Dagskránni lauk á eins konar söguboði (e. *Story Sharing Café*) þar sem þátttakendur sátu úti í falletgri náttúru og deildu reynslusögum.

Næsti dagur hófst á fræðslu um sögu fasisma og valdboðsstefnu. Í framhaldinu tóku ungliðarnir þátt í



Íris Björk Ágústsdóttir.

fyrstu vinnusmiðjunni sem var gagnvirk umræða um tengsl valdboðsstefnu, aðgerðastarfs og samfélagsmiðla – og hvaða aðgerðir væru mögulegar í því samhengi. Dani Vallis hélt jafnframt kynningu á heimsstefnu Amnesty og innra skipulagi. Þá var kynnt ný herferð, *Let Children Live*, sem var unnin í samstarfi við UNICEF. Þar sem við vorum á eyju nýttu margir þátttakendur tækifærið til að fara á kajak að lokinni dagskrá.

Á þriðja degi voru pallborðsumræður þar sem sænskir aðgerðasinnar í grasrótarsamtökum deildu reynslu sinni og svöruðu spurningum þátttakenda. Stuttu fyrir ungliðafundinn fór fram

heimsþing Amnesty International og til að gefa þátttakendum innsýn í það var haldið sýndarþing af heimsþinginu. Ungliðarnir tóku þátt sem fulltrúar sinna landa og fengu þrjú mismunandi málefni: loftslagsréttindi, gervigreind og hlutverk ungliða í stjórnum. Ungliðar fengu þannig að kynnst því hvernig heimsþingið fer fram og vinna samkvæmt því fyrirkomulagi.

Kvikmyndin *No Other Land*, áhrifamikil heimildarmynd um hernám Ísraels á Vesturbakkanum, var sýnd um kvöldið og vakti hún athygli.

Á fjórða degi fengu ungliðar þjálfun í kappræðum og stóðu sig frábærlega. Síðustu vinnustofurnar fjölluðu um mikilvægi andlegrar heilsu og sjálfbærni í aðgerðastarfi. Einnig var farið yfir það hvernig litlar aðgerðir í þágu mannréttindabaráttunnar geta saman haft mikil áhrif. Í lok dagskrár fór fram hugmyndaregn og skipulagning sameiginlegrar aðgerðar sem öll löndin tóku þátt í.

Ferðin var einstaklega vel heppnuð og skipuleggjendur, sem voru að stórum hluta ungliðarnir sjálfir, settu saman metnaðarfulla og vandaða dagskrá. Við komum allar aftur heim til Íslands með meiri þekkingu og fleiri tól til að nýta í frekara aðgerða- og mannréttindastarfi.

Íris Björk Ágústsdóttir, leiðbeinandi á ungliðafundi í Svíþjóð



Söguboð í náttúrunni þar sem þátttakendur deildu reynslusögum.



Farið var í ýmsa leiki svo þátttakendur kynntust betur.

# RÁÐSTEFNA UM MANNRÉTTINDAFRÆÐSLU



Mannréttindafræðsla er einn af hornsteinum starfs Amnesty International, því aðeins með þekkingu og skilningi á mannréttindum þróast menning án mannréttindabrota. Slík fræðsla afhjúpar ójöfnuð, nærir samstöðu og samkennd og valdeflir þau sem lægsta rödd hafa í samfélaginu. Rétturinn til mannréttindafræðslu er enda, samkvæmt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, mannréttindi í sjálfu sér.

Samhliða bakslagi í mannréttindum um allan heim er mannréttindafræðsla í hættu. Hún hefur þó sjaldan verið mikilvægari en nú, í heimi sem einkennist af vaxandi valdboði, átökum og misrétti. Í ljósi þess var blásið til alþjóðlegrar ráðstefnu um mannréttindafræðslu í lok árs 2025 í Búdapest í Ungverjalandi. Ráðstefnan var sett hátíðlega á mannréttindadeginum 10. desember, til marks um lykilhlutverk mannréttindafræðslu í baráttunni fyrir mannréttindum.

## MIKILL FJÖLDI ÞÁTTAKENDA

Amnesty International var einn skipuleggjenda ráðstefnunnar, en hitann og þungann af skipulagningunni báru Evrópuráðið og Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna. Á ráðstefnuna söfnuðust saman yfir 200 þátttakendur hvaðanæva en þó aðallega frá Evrópu. Meðal þáttakenda voru mannréttindafræðarar frá bæði menntastofnunum og frjálsum félagasamtökum, fulltrúar opinberra stofnana og ungt fólk með áhuga og skoðanir á mannréttindafræðslu.

Fræðslustýra Íslandsdeildar tók þátt í ráðstefnunni, ásamt 30 öðrum fulltrúum mannréttindafræðslu evrópskra deilda Amnesty. Ákveðið var að þessi hópur nýtti ferðina til að hittast á sérfundum Amnesty, beggja vegna við þriggja daga ráðstefnuna, og ræða t.d. sameiginlega fræðslustefnu samtakanna. Óskað var eftir kynningum á hvers kyns nálgun í mannréttindafræðslu sem hefði gefið góða raun hjá viðkomandi deild. Fræðslustýra Íslandsdeildar bauð sig fram og fræddi áhugasamt samstarfsfólk sitt um markvissa þjálfun samkenndar innan mannréttindafræðslu (sjá bls. 10).

## FRÆÐSLA SJALDAN MIKILVÆGARI EN NÚNA

Ráðstefnan gaf tækifæri til að mætast úr öllum heimshlutum og kortleggja helstu áskoranir, árangur, tækifæri og hlutverk mannréttindafræðslu í dag. Þetta var mikilvægur vettvangur til að deila reynslu og lærdómum, með það í huga að endurskoða og þróa sameiginlegar stefnur og markmið. Mannréttindafræðsla er gríðarlega mikilvæg nú á tímum

vaxandi valdboðsstefnu og löggjafar sem mismunar jaðarsettum hópum. Bregðast þarf við þeirri ógn og tryggja fræðslu með öllum leiðum. Ekki má gleyma því að víða um heim þurfa mannréttindafræðarar nú að sinna starfi sínu í skugga stríðsátaka, fjöldaflóttu, hótana eða eftirlits.

Helstu umræður innan Amnesty-hópsins sneru að því að fræðsla sé einn mikilvægasti þáttur starfsins og verði að fléttast inn í alla vinnu samtakanna. Gagnlegt sé að tryggja samstarf og samnýta fræðsluefni þvert á landamæri, en muna þó að þrátt fyrir að ógnin sé alþjóðleg og mannréttindi algild verður mannréttindafræðsla einnig að taka mið af samfélagslegum aðstæðum í hverju landi fyrir sig.

## ER MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA UNDIR ÁRÁS?

David Vig, framkvæmdastjóri Amnesty International í Ungverjalandi, hélt erindi á ráðstefnunni um tíu viðvörunarmerki um að mannréttindafræðsla sé í hættu, og tíundaði mikilvægi þess að fræðarar og baráttufólk um allan heim séu vakandi fyrir þessum viðvörunarmerkjum:

- 1 Stjórnvöld skerða fjármagn til mannréttindafræðslu eða frjálsra félagasamtaka.
- 2 Hvers kyns takmarkanir á alþjóðlegri samvinnu – t.d. lokun alþjóðlegra skóla.
- 3 Auknar stjórnsýslulegar kröfur sem skerða aðgang almennings að mannréttindafræðslu.
- 4 Takmarkanir eða algjört bann við ákveðnum umfjöllunarefnum mannréttindafræðslu – gjarnan varðandi réttindi kvenna eða hinsegin samfélagsins.
- 5 Markvissar aðgerðir til að endurskilgreina hugtök eða breyta skilningi almennings á mannréttindafræðslu og viðfangsefnum hennar.
- 6 Markvissar aðgerðir til að fá þau sem sinna mannréttindafræðslu til að ritskoða sig og nýta síður tjáningarfrelsið.
- 7 Einstaka mannréttindafræðarar settir á svarta lista.
- 8 Aðgangur mannréttindafræðslu að skólum takmarkaður – til dæmis með lagabreytingum, vegna þrýstings frá einstaka skólastjórnendum eða starfsfólki, eða kvartana foreldra.
- 9 Breytingar á aðalnámskrám – mannréttindafræðsla færð neðar í forgangi eða alveg fjarlægð, jafnvel skipt út fyrir nýjar námsgreinar sem þjóna valdboði.
- 10 Ríkisrekin samtök eru stofnuð eða stórlega eflid.



# BARÁTTAN

megi halda samkomu sem brýtur gegn lögum frá árinu 2021 sem banna að „kynna og auglýsa“ samkynhneigð og fjölbreytta kynvitund fyrir börnum undir 18 ára aldri. Yfirskin lagabreytinganna var því að vernda börn. Frumvarpinu að lögunum var flýtt í gegnum þingið og svo samþykkt án þess að hafa verið sett í umsagnarferli.

Nýju lögin neita fólki um að nýta rétt sinn til mótmæla og koma í veg fyrir að hinsegin fólk geti krafist jafnréttis, sýnileika og viðurkenningar andspænis aukinni mismunun. Þátttakendur bannaðra samkoma geta mætt sektum og skipuleggjendur átt yfir höfði sér allt að eins árs fangelsi. Lögin veita lögreglu aukna heimild til að leysa upp slíkar samkomur og heimila einnig notkun á tækni til andlitsgreiningar á þátttakendum.

Í kjölfar lagabreytinganna hóf Amnesty International alþjóðlega herferð til að kalla eftir því að lögreglustjóri Búdapest tryggði öryggi og þátttöku í gleðigöngunni. Fólk um allan heim var hvatt til að sýna hinsegin fólki í Ungverjalandi stuðning og rúmlega 120 þúsund skrifuðu undir, þar af nær 2.000 á Íslandi.

Þrátt fyrir lagasetninguna fór gleðigangan sannarlega fram í Búdapest 28. júní og var sú fjölmennasta í sögu landsins. Um 200 þúsund mættu og kröfðust bæði réttinda hinsegin fólks og fundar- og tjáningarfrelsis. Þessi mikla þátttaka sýnir öflugan stuðning almennings gegn mismunun og seiglu hinsegin samfélagsins í Ungverjalandi.

## HANDTÖKUR VEGNA GLEÐIGÖNGU

Þrátt fyrir þessa samstöðu gegn laga-




Gríðarlegur fjöldi tók þátt í gleðigöngunni í Ungverjalandi í júní.  
© ATTILA KISBENEDEK via Getty Images

Um heim allan verður fólk fyrir mismunun og árásum vegna kynhneigðar sinnar, kynvitundar eða kyntjáningar. Baráttufólk fyrir réttindum hinsegin fólks hefur tekist á við gífurlegar áskoranir og jafnvel hætt eigin öryggi til að benda á mannréttindabrot og þrýsta á um nauðsynlegar breytingar. Stundum kyndir ríkisvaldið undir fjandskap í garð hinsegin fólks í stað þess að sinna skyldu sinni og vernda það. Samhliða aukinni valdboðsstefnu hefur misrétti gegn hinsegin fólki aukist.

## LÖG GEGN GLEÐIGÖNGU Í UNGVERJALANDI

Gleðigangan er ein mikilvægasta og sýnilegasta samstaða hinsegin fólks og

stuðningsfólks jafnréttis, en er bönnuð í nokkrum löndum. Í apríl 2025 tóku gildi í Ungverjalandi ný lög sem hægt er að beita til að banna gleðigöngur, og það á 30. afmælisári gleðigöngunnar í Búdapest. Nýju lögin kveða á um að ekki



Hivda Selen, Sinem Çelebi og Doğan Nur.



breytingunni var einn skipuleggjenda gleðigöngu í Ungverjalandi, Géza Buzás-Hábel, nýverið ákærður og á yfir höfði sér allt að eins árs fangelsisvist. Amnesty International kallar eftir því að allar ákærur á hendur honum verði

felldar niður þar sem þær brjóta m.a. gegn tjáningar- og fundafrelsinu. Gleðigangan er einnig bönnuð í Tyrklandi og voru þrír hinsegin aðgerðasinnar handteknir að geðþótta í lok júní, sama dag og gleðigangan fór fram í Ístanbul, en voru þó ekki í göngunni sjálfri. Amnesty kallaði eftir því að fólkið yrði umsvifalaust leyst úr haldi og ákærur á hendur því felldar niður. Á grundvelli tilhæfalausra ákæra var Doğan Nur haldið í gæsluvarðhaldi í mánuð, og Hivdu Selen og Sinem Çelebi í viku til viðbótar. Þetta mál er lýsandi fyrir aukna glæpavæðingu hinsegin tjáningar og friðsamlegrar samkomu í Tyrklandi.

### HINSEGIN DAGAR Á ÍSLANDI

Að venju fóru Hinsegin dagar fram í Reykjavík í ágúst og af því tilefni bauð Íslandsdeildin til landsins mannréttindalögfræðingnum Senthoran Raj (Sen), sem er fyrrverandi formaður Amnesty International í Bretlandi. Ungliðahreyfingin hélt vinnusmiðju með Sen þar sem rætt var hvernig megi berjast fyrir réttindum hinsegin fólks með



Mikil stemning á Amnesty-pallinum í gleðigöngunni í Reykjavík.

réttindagæslu og viðburðum. Sen hélt einnig erindið „Hinsegin réttindi, tilfinningar og von í heimi ógnar og breytinga“ á *Regnbogaráðstefnu Hinsegin daga*. Hátíðin náði hápunkti sínum með fjölmennri gleðigöngu í blíðskaparveðri og var smekktfullur Amnesty-pallur á sínum stað í göngunni.

# GLEÐIGANGAN Á ÍSLANDI EINS OG ÞJÓÐHÁTÍÐARFÖGNUM

Sen hefur mikinn áhuga á glimmeri, dægurmenningu, samfélagslegu réttlæti og samfélagi. Hann er mannréttindalögfræðingur sem starfar sem fræðimaður við Manchester Metropolitan-háskólann og sérhæfir sig í réttindum hinsegin fólks. Sen hefur starfað með Amnesty International í næstum tvo áratugi og gegnt þar ýmsum hlutverkum. Nú síðast var hann formaður samtakanna í Bretlandi. Sen svaraði nokkrum spurningum um Amnesty International, heimsóknina og fræðistörf sín.

### Hvað fékk þig til að ganga til liðs við Amnesty International?

Ég var nemandi þegar áhugi minn kviknaði á að ganga til liðs við Amnesty International. Þetta byrjaði allt saman á nýnemakynningu í Háskólanum í Sydney. Ég gekk fram hjá kynningarbás Amnesty þar sem ég fékk upplýsingar um samtökin og fólkið sem ég ræddi við var svo vinalegt. Ég fann tengingu við ýmis mannréttindamál sem ég brann fyrir sem ungur einstaklingur. Hljá og vinsemd sjálfbóðaliðanna sem ég hitti þennan dag á básnum veitti mér hvatningu. Þessi



Senthoran Raj (Sen).



hlýja og vinsemd er ekki aðeins ástæðan fyrir því að ég gekk til liðs við Amnesty International heldur er það ein helsta ástæðan fyrir því að ég hef verið hluti af hreyfingunni í nær 20 ár.

#### **Hvaða hlutverki hefur þú gegnt innan Amnesty International og hvaða málefni skipta þig mestu máli?**

Ég brann – og brenn enn – sérstaklega fyrir starfi okkar í þágu réttinda kvenna, flóttafólks og hinsegin fólks.

Ég byrjaði hjá Amnesty International í aðgerðastarfi ungliða og síðan þá hef ég verið tengdur ýmsu aðgerðastarfi og stjórnunarhlutverkum. Ég gekk til liðs við aðgerðahóp hjá Amnesty í Ástralíu þar sem við studdum fólk sem sótti um alþjóðlega vernd. Þetta var oft krefjandi en einnig mikilvæg vinna. Þar öðlaðist ég betri skilning á þeim kerfisbundnu áskorunum sem umsækjendur um alþjóðlega vernd þurfa að takast á við, sérstaklega umsækjendur sem sækja um á grundvelli kynhneigðar og kynvitundar.

Ég sat síðan í nefnd hjá Amnesty Ástralíu þar sem ég studdi

við svæðisbundið aðgerðastarf þar sem ég bjó og gekk síðan í stjórnina til að hafa yfirumsjón með starfi samtakanna í heild.

Þegar ég flutti til Bretlands gekk ég til liðs við stjórnina þar og var formaður í þrjú ár. Mér fannst hlutverk mitt í stjórninni sérstaklega þýðingarmikið því ég gat átt þátt í að leiða breytingar innan samtakanna til að hreyfingin yrði meira inn-gildandi og sanngjörn.

Ég hef einnig verið talsmaður hinsegin málefna, sem fulltrúi Amnesty, bæði í Ástralíu og á Bretlandi, í stefnumótandi umræðum um hvernig megi betur vernda hinsegin fólk gegn mismunun, ofbeldi og áreitni. Ánægjulegur hápunktur aðgerðastarfs hinsegin fólks er að geta tekið þátt í alls konar viðburðum tengdum gleðigöngum.

#### **Hvaða máli hefur starf Amnesty skipt þig?**

Amnesty hefur verið stór hluti af mínu persónulega lífi. Ég hef kynnst yndislegu fólki þennan tíma sem ég hef verið í hreyfingunni sem er núna nánir vinir mínir. Amnesty var líka fyrsti staðurinn þar sem mér leið nógu vel til að „koma út“ sem samkynhneigður maður þegar ég byrjaði þar. Amnesty á sérstakan stað í hjarta mínu þegar kemur að því að rækta áhuga minn á mannréttindum ásamt því að mér líður sem ég tilheyrir þar.

#### **Þú hefur tekið þátt í gleðigöngum á ýmsum stöðum.**

#### **Hvernig fannst þér að vera með hér á Íslandi? Var það ólíkt því sem þú ert vanur og ef svo er hvernig?**

Það var mér sönn ánægja að taka þátt í gleðigöngunni í Reykjavík. Ég var ekki með neinar væntingar þar sem allar göngur sem ég hef tekið þátt í, sem eru ansi margar, hafa reynst skemmtilegar og óvæntar. Fyrir mitt leyti var hápunkturinn að sjá hversu margt fólk mætti miðað við íbúafjölda á Íslandi. Eins og þetta væri þjóðhátíðarfögnuður. Þessi mikli fjöldi á svæðinu fannst mér ólíkt öðrum göngum sem ég hef verið í. Það var sérstaklega yndislegt að sjá presta veifa regnbogafánum þegar við fórum fram hjá kirkjunum þeirra. Það minnir okkur á að trúfrelsi og réttindi hinsegin fólks geta átt samleið.





Mikil gleði ríkti á palli Amnesty í göngunni.



Mikill fjöldi tók þátt í gleðigöngunni 2025 líkt og áður.

**Út frá þinni reynslu af gleðigöngunni í Reykjavík telur þú Ísland vera á réttri leið varðandi réttindi hinsegin fólks. Geta önnur lönd lært af Íslandi og er eitthvað sem við getum gert betur?**

Öll lönd þurfa að feta sinn veg til að tryggja réttindi hinsegin fólks. Það er engin ein leið eða rétt leið. Ég held að Ísland hafi nýlega gert góða hluti hvað viðkemur réttindum trans og intersex fólks, sérstaklega lagalega og stjórnmalalega, sem tryggir sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétt yfir eigin líkama. Ég átti samræður við einstakling sem var nýfluttur til Reykjavíkur og kom sem flóttamaður. Það helsta sem kom fram þar var að það mætti gera betur í að veita frelsi og aukinn stuðning fyrir einstaklinga sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi. Þetta er málefni sem þarf að taka alvarlega á þeim stöðum sem segjast vera „fyrirmyndarríki“ fyrir hinsegin fólk.

**Þú varst með erindi á ráðstefnu Hinsegin daganna í Reykjavík sem tengdist bók þinni *The Emotions of LGBT Rights and Reforms: Repairing Law* þar sem þú fjallaðir um hvernig tilfinningar eru hluti af lögum í tengslum við hinsegin réttindi. Hvað er það mikilvægasta fyrir fólk að átta sig á varðandi það, sérstaklega tengt mannréttindum?**

Við þurfum að horfast í augu við að tilfinningar stjórna lífi okkar, stjórnmalum og lögum. Þegar við ræðum mannréttindi þurfum við að hugsa og skynja hvernig þær umlykja allt okkar daglega líf. Við þurfum að skilja betur hvernig tilfinningar hafa áhrif á okkur sjálf en jafnframt hvernig þær geta skapað rými innan stofnana til að tryggja réttindi jaðarsettra hópa, til

dæmis hinsegin fólks. Til að gera það verðum við að leggja rækt við að auka forvitni, auðmýkt og samkennd í þeim samræðum sem við eigum og við þurfum að ígrunda hvernig við notum tilfinningar þegar við vinnum úr ágreiningi sem varða mannréttindi. Þessi tilfinningalega vinna gerir okkur kleift að grípa til aðgerða með gagnrýnum og hugmyndaríkum hætti á sama tíma og við sköpum rými þar sem allt fólk getur dafnað óháð sjálfsmynd þess og bakgrunni.

**Hvernig hefur starf þitt sem fræðimaður í mannréttinda-lögfræði haft áhrif á starf þitt hjá Amnesty og öfugt?**

Starf mitt sem fræðimaður í mannréttindum mótar og er mótað af minni reynslu hjá Amnesty. Aðgerðastarf mitt hjá samtökunum hefur hjálpað mér að skilja betur skörun á milli mismunandi mannréttindabaráttu og hvers vegna við þurfum að horfa heildrænt á málín sem varða fólk og samfélög til að geta varið réttindi þeirra betur. Rannsóknir mínar á tilfinningum hafa einnig hjálpað mér að hugsa um og vinna með öðrum að því hvernig við getum gert starf okkar hjá Amnesty næmara fyrir tilfinningalegu eðli mannréttinda og hvernig við tileinkum okkur starfið innan samtakanna tilfinningalega.

Að lokum segir Sen að við eigum að vera forvitin, ástríðufull og virk. Hann hvetur okkur til að eiga samræður, njóta lífsins og hjálpa til við að dreifa gleði hinsegin fólks hvar sem við getum. Við þökkum honum kærlega fyrir erindi sitt á Hinsegin dögum og þátttöku í gleðigöngunni með ungliðum Íslands-deildarinnar.

# MANNRÉTTINDASIGRAR

## JANÚAR

**SÁDI-ARABÍA:** Mannréttindafrömuðurinn og samviskufanginn Mohammad al-Qahtani var leystur úr haldi gegn skilyrðum þann 7. janúar, eftir 12 ár í fangelsi fyrir mannréttindastörf sín.



**BANDARÍKIN:** Leonard Peltier, aðgerðasinni og frumbyggji, var í fangelsi í næstum 50 ár í Bandaríkjunum fyrir glæp sem hann hefur stöðugt haldið fram að hann hafi ekki framið. Mikill vafi lék á því hvort hann hefði fengið réttláta málsmeðferð fyrir dómi og hversu sanngjörn sakfelling hans var.

Á síðustu dögum í forsetaembætti mildaði Biden, þáverandi forseti, dóm Peltiers úr lífstíðarfangelsi í stofufangelsi.

**KAMERÚN – ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI:** Dorgelesse Nguessan, einstæð móðir, var leyst úr haldi 16. janúar eftir að áfrýjunardómstóll mildaði dóm hennar. Hún var dæmd í fimm ára fangelsi og eyddi rúmlega fjórum árum í fangelsi fyrir sína fyrstu þátttöku í mótmælum. Mál hennar var hluti herferðarinnar *Þitt nafn bjargar lífi* árið 2022.

„Ég þakka öllum þeim sem starfa beint eða óbeint í þágu samtakanna og áttu þátt í því að ég var leyst úr haldi.“



## FEBRÚAR



**SÁDI-ARABÍA:** Salma al-Shehab, doktorsnemi frá Leeds-háskóla og tveggja barna móðir, var leyst úr haldi 10. febrúar eftir að hafa lokið afplánun á fjögurra ára dómi. Upphaflega var hún dæmd í 27 ára fangelsi en í september 2024 var dómurinn mildaður. Salma var dæmd fyrir hryðjuverkategd brot vegna þess að hún hafði stutt réttindi kvenna á samfélagsmiðlinum Twitter (nú X).

**KÍNA:** Idris Hasan, Úígúri sem var í haldi í Marokkó í þrjú og hálf ár og átti á hættu að verða sendur til Kína, fékk loks frelsi í febrúar. Hann var handtekinn að beiðni Kína sem sakaði hann um hryðjuverk fyrir störf sín í þágu samtaka Úígúra. Amnesty International hefur barist fyrir frelsi hans frá því hann var handtekinn í júlí 2021. Zaynur Hasan, eiginkona hans, þakkaði samtökunum fyrir allan stuðninginn: „Innilegar þakkir til ykkar allra. Án ykkar hjálpar hefðum við ekki getað bjargað eiginmanni mínum.“

**SÁDI-ARABÍA:** Kennarinn Asaad bin Nasser al-Ghamdi, 47 ára, var leystur úr haldi. Hann var handtekinn árið 2022 og dæmdur í 20 ára fangelsi fyrir færslu á samfélagsmiðlum þar sem hann gagnrýndi stjórnvöld.

**TYRKLAND:** Taner Kılıç, lögfræðingur og fyrrverandi formaður Amnesty International í Tyrklandi, var loks sýknaður eftir nærri átta ára málsmeðferð á máli hans fyrir dómi.

Hann var handtekinn í júní 2017 og fangelsaður í rúma 14 mánuði.

Hann var ranglega sakfelldur árið 2020 og átti þá yfir höfði sér sex ára fangelsisvist fyrir að vera „meðlimur í hryðjuverkasamtökum“.

„Þessari martröð, sem stóð yfir í næstum átta ár, er loks lokið. Það eina sem ég var viss um í öllu þessu ferli var að ég hefði rétt fyrir mér og að ég væri saklaus, og stuðningurinn um heim allan gaf mér styrk. Ég þakka öllum sem stóðu með mér.“



## MARS

**FILIPPSEYJAR:** Fyrirverandi forseti Filippseyja, Rodrigo Duterte, var handtekinn á grundvelli handtökuheimildar sem Alþjóðlegi sakamála-dómstóllinn gaf út á hendur honum fyrir glæpi gegn mannúð. Þetta er gríðarstórt skref í átt að réttlæti.

Í svokölluðu stríði gegn fíkniefnum sem Duterte leiddi voru þúsundir einstaklinga, flestir frá fátækum jaðar-samfélögum, drepnir ólöglega af lögreglu eða vopnuðum einstaklingum grunuðum um að tengjast lögreglunni.



**SIERRA LEÓNE:** Raunveruleikastjarnan Hawa Hunt fékk frelsi á ný þann 4. mars og allar ákærur á hendur henni voru felldar niður. Hún var handtekin í beinni útsendingu í desember 2024 og ákærð fyrir að hafa móðgað forsetann og forsetafrúna í myndbandi á samfélagsmiðlum.

Dóttir hennar Alicia sagði: „Í einu af fáum símtölum sem ég fékk að eiga við móður mína á meðan hún var í fangelsi sagði ég henni að Amnesty International hefði talað máli hennar. Hún og öll fjölskyldan voru djúpt snortin af stuðningnum. Við trúum því að það hafi átt verulegan þátt í að hún var leyst úr haldi.“



## MAÍ

**TYRKLAND:** Tabriz Saifi, afganskur umsækjandi um alþjóðlega vernd, er blindur og með nýrnabilun vegna sykursýki og þarfnast skilunar-meðferðar þrisvar í viku. Umsókn hans var hafnað af tyrkneskum yfirvöldum í febrúar, sem þýddi að hann missti aðgang að lífsnauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Amnesty International kallaði eftir því að ákvörðuninni yrði snúið við. Fjölskyldu hans var tilkynnt í byrjun maí að umsókn hans hefði verið endurnýjuð og því fengi hann aðgang að heilbrigðisþjónustu.



## JÚNÍ

**FINNLAND:** Samar eru frumbyggjar í norðurhluta Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og á Kólaskaganum í Rússlandi og hafa í áralangum tíðum verið átt við mannréttindabrotum. Finnsla þingið samþykkti endurbætta löggjöf um þing Sama í kjölfar þrýstings frá Amnesty International og öðrum samtökum.

Löggjöfin styrkir rétt Sama til sjálfsákvörðunar og eflir starfsemi þings þeirra.

**ARGENTÍNA:** Einkarekin læknastofa í Argentínu var sektuð um 4.000 bandaríkjadali fyrir að neita konu á áhættumeðgöngu um löglegt þungunarrof þar sem um var að ræða skýrt brot á landslögum.

Amnesty International Argentína veitti lagalega ráðgjöf og vakti athygli á að úrskurður sem þessi sýndi fram á að nauðsyn þess að tryggja að rétturinn til löglegs og öruggs þungunarrofs væri ekki geðþóttaákvörðun einstaklinga eða stofnana.

**NÍGERÍA/BRETLAND:** Eftir áratugalanga baráttu fyrir réttlæti úrskurðaði dómstóll í Bretlandi að hægt væri að draga fyrirtækið Shell til ábyrgðar fyrir olíuleka sem það hefur ekki hreinsað upp á Níger-óseyrunum í Nígeríu, óháð því hversu langt er síðan það gerðist.



## APRÍL

**BANDARÍKIN:** Innflytjendayfirvöld Bandaríkjanna handtöku Alberto, fjölskylduföður frá Venesúela, og aðskildu hann frá eiginkonu sinni og tveimur börnum eftir rúm tvö ár í landinu. Hann var ákærður fyrir að koma „ólöglega“ inn í Bandaríkin þrátt fyrir að fjölskyldan hefði verið í ferli með umsókn um alþjóðlega vernd. Í apríl, rétt rúmum mánuði eftir handtöku hans og í kjölfar ákalls Amnesty International, var hann leystur úr haldi gegn tryggingu og sameinaðist fjölskyldu sinni á ný.

**BANDARÍKIN:** Palestínski aðgerðasinninn Mahmoud Khalil var handtekinn 9. mars af innflytjendayfirvöldum fyrir að nýta rétt sinn til tjáningar á mótmælum í Columbia-háskóla gegn hópmorði á Gaza. Hann var með ótímabundið dvalarleyfi í Bandaríkjunum en var tjáð að það hefði verið afturkallað. Dómari fyrirskipaði lausn hans gegn tryggingu eftir 104 daga í haldi í varðhaldsmiðstöð fyrir innflytjendur.

# MANNRÉTTINDASIGRAR

## JÚLÍ

**AFGANISTAN:** Handtökuheimild gegn æðsta leiðtoga talibana og forseta hæstaréttar í Afganistan fyrir glæpi gegn mannúð var samþykkt af dómara Alþjóðlega sakamáladómstólsins í júlí. Þetta eru fyrstu opinberu handtökuheimildirnar tengdar Afganistan sem dómstóllinn samþykkir.

**ARGENTÍNA:** Árásarmaður sem drap þrjár samkynhneigðar konur árið 2024 í íkveikjuárás með heimagerðri sprengju var loks ákærður fyrir morð af ásettu ráði vegna fordóma. Amnesty International í Argentínu hefur stutt Sofiu, sem var sú eina sem lifði árásina af, í leit hennar að réttlæti.

**SLÓVENÍA:** Slóvenía var fyrsta aðildarríki Evrópusambandsins til að banna öll vopnaviðskipti við Ísrael, meðal annars innflutning, útflutning og millilendingu. Viku síðar var sett bann á innflutning allra vara frá Ísrael sem kæmu frá hernumda svæðinu í Palestínu. Amnesty International í Slóveníu hafði ásamt öðrum samtökum lengi þrýst á stjórnvöld að grípa til þessara aðgerða.

## ÁGÚST

**HERNUMDA SVÆÐIÐ Í PALESTÍNU:** Ísraelskur dómstóll aflétti í júlí farbanni Ahmads Khalefa, palestínsk ríkisborgara Ísraels, sem gerði honum kleift að þiggja boð Amnesty International til Ítalíu með fjölskyldu sinni. Farbannið var eitt af skilyrðunum fyrir lausn hans í febrúar 2024 eftir fjóra mánuði í varðhaldi fyrir að hrópa slagorð í mótmælum gegn stríði Ísraels á Gaza. „Þessi ferð var þýðingarmikil fyrir mig og fjölskyldu mína. Við erum innilega þakklát.“

**SÝRLAND:** Ahmad Aabo, sýrlenskur umsækjandi um alþjóðlega vernd, missti tímabundna vernd sína í Tyrklandi vegna greiningar á HIV. Í kjölfar þrýstings Amnesty International fékk hann vernd sína endurnýjaða og þar með aðgang að heilbrigðisþjónustu.

„Nú er ég aftur kominn með skilríki mín og hef endurheimt réttindi mín. Þakkar til ykkar eru ekki nóg.“

## SEPTEMBER

**EGYPTALAND:** Alaa Abdel Fattah er egypsk-breskur aðgerðasinni sem var áberandi í byltingunni í Egyptalandi árið 2011. Yfirvöld hafa herjað á hann fyrir friðsamlega baráttu og gagnrýni á stjórnvöld. Síðast var hann handtekinn 29. september 2019 og seinna dæmdur á grundvelli falskra ákæra. Hann átti að ljúka afplánun 2027 en hlaut náðun forsetans. Hann varð frjálss á ný eftir nær sex ár í fangelsi og áralanga baráttu Amnesty fyrir lausn hans.



**BÚRKÍNA FASÓ:** Bráðabirgðaping Búrkína Fasó samþykkti lög þann 1. september þar sem lágmarksaldur fyrir hjónaband er 18 ára fyrir bæði drengi og stúlkur, og samþykki beggja aðila þarf til að geta gengið í hjónaband. Amnesty International hefur lengi kallað eftir þessum lágmarksaldri og þrýst á þarlend stjórnvöld.

**TYRKLAND:** Enes Hocaogulları var fangelsaður fyrir ræðu á Evrópuráðsþinginu í mars 2025 þar sem hann gagnrýndi harkalegar aðgerðir á fjölda-mótmælum í Tyrklandi. Hann var handtekinn 5. ágúst við komu sína til Tyrklands og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Mánuði síðar var hann leystur úr haldi í kjölfar þrýstings Amnesty International.



„Takk fyrir árangursríka herferð. Ég var leystur úr gæsluvarðhaldi eftir fyrirtöku í dómsmálinu. Samt er baráttunni ekki lokið í máli mínu og ekki heldur fyrir tjáningarfrelsinu en það segir sig sjálft að ég væri á allt öðrum stað ef ekki væri fyrir velgengni þessarar herferðar, sérstaklega þeirrar sem Amnesty International stóð fyrir og skipulagði.“

## OKTÓBER

**AFGANISTAN:** Eftir margra mánaða þrýsting frá Amnesty International og Sports & Rights Alliance tilkynnti alþjóðaknattspyrnusambandið FIFA að stofnað yrði og fjármagnað lið flóttakvenna frá Afganistan. Í október fékk liðið að spila sinn fyrsta leik á alþjóðlegu mót. Frá því að þær flúðu Afganistan árið 2021 eftir valdatöku talibana hafa þær barist fyrir rétti sínum til að spila fyrir land sitt. Khalida Popal, stofnandi og fyrrverandi fyrirliði afganska liðsins sagði:

„Við höfðum barist svo lengi að það var orðið íþyngjandi, þetta var of mikið. Að sjá síðan leikmennina snúa aftur á völinn, þá fær maður þessa tilfinningu að þetta hafi allt verið þess virði. Það var þess virði að sjá þessa ungu kynslóð kvenna spila fyrir landið okkar. Þetta var ansi tilfinningaþrungið fyrir mig.“



## NÓVEMBER

**GRIKKLAND:** Í kjölfar herferðar Amnesty International voru þrír stjórnendur og yfirmaður grísku strandgæslunnar ákærðir fyrir aðild sína að Pylos-skipbrotnu þar sem 600 einstaklingar létu lífið. Í maí á þessu ári voru 17 strandverðir ákærðir í málinu, meðal annars fyrir að valda skipbroti, leggja fólk í hættu og bregðast þeirri skyldu sinni að veita aðstoð.


**ARGENTÍNA:** Árangur náðist í baráttunni fyrir réttlæti í máli Sofíu Fernández, 39 ára trans konu sem lést í haldi lögreglu í apríl 2023, tveimur dögum eftir handtöku. Mál níu af þeim tíu lögregluþjónum sem voru ákærðir voru felld niður en áfrýjunardómstóll fyrirskipaði í nóvember að þeir skyldu allir sæta réttarhöldum. Þrír þeirra verða ákærðir fyrir morð af ásettu ráði vegna fordóma gegn trans fólki. Amnesty International í Argentínu hefur stutt fjölskyldu Sofíu í baráttunni.



## DESEMBER

**FÆREYJAR:** Færeyska þingið samþykkti í desember að gera umbætur á lögum sem heimila aðgang að þungunarrofi fram að 12. viku meðgöngu án skilyrða. Nýju lögin taka við af lögum sem veittu aðeins heimild fyrir þungunarrofi vegna nauðgunar eða sífjaspella, fósturgalla, ef líf og heilsa móður væru í hættu eða af félagslegum ástæðum. Þetta jákvæða skref er árangur af áralangri óþreytandi baráttu aðgerðasinna sem hafa barist fyrir því að aflétta takmörkunum sem voru með þeim ströngustu í Evrópu.

**BELARÚS – ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI:** Yfirvöld í Belarús leystu 123 fanga úr haldi þann 13. desember. Á meðal þeirra var Maryia Kalesnikava, samviskufangi og stjórnarandstæðingur, en mál hennar var hluti af herferðinni *Þitt nafn bjargar lífi* árið 2024. Lausn fanganna var tilkomin vegna samkomulags við Bandaríkin um að aflétta viðskiptaþvingunum gegn Belarús. Frelsi hennar var löngu tímabært þar sem varðhald hennar var af pólitískum rótum runnið.



# LET CHILDREN LIVE

Á ÞJÓÐ GEGN ÞJÓÐARMORÐI



Í byrjun september hófst *Let Children Live*, alþjóðleg herferð Amnesty International og Barnaheilla (Save the Children) til stuðnings börnunum á hernumda svæðinu í Palestínu. Börnunum sem enn voru á lífi þrátt fyrir síaukið ofbeldi og óbærilegar aðstæður, en undanfarin ár hefur Gaza verið einn verst staðurinn í heiminum til að vera barn.

Með því að einblína á börnin sem enn voru á lífi var sannarlega ekki litið fram hjá þeim hörmulega fjölda barna sem drepin höfðu verið í hópmorði Ísraels á Palestínubúum á Gaza, heldur reynt að halda lífi í voninni. Fleiri börn máttu ekki bætast við skelfilega tölfræðina.

Fyrir herferðina fengum við í hendur lista með nöfnum 1,2 milljóna lifandi barna á hernumda svæðinu í Palestínu. Þátttakendur í herferðinni gátu skráð sig á vefsíðunni [www.letchildrenlive.com](http://www.letchildrenlive.com) og var þá úthlutað nafni barns af listanum og aldri þess. Til dæmis Omar, 6 ára, eða Samira, 9 ára. Hver þátttakandi bar ábyrgð á því að halda á lofti nafni þess barns, svo sem með því að deila því á samfélagsmiðlum.

Með því að vekja athygli á nöfnunum kröfðumst við í sameiningu aðgerða sem bjargað gætu börnunum á her-

numda svæðinu í Palestínu. Tugþúsundir skráðu sig til þátttöku og krafan var skýr: Ísrael skyldi hætta að drepa, skaða og svelta palestínsk börn, aflétta herkví á Gaza og binda enda á ólögmaðtt hernám.

Viðburður Amnesty International í Aotearoa/Nýja-Sjálandi.

© Jake Tebata



Viðburður Amnesty International í Noregi.

© Aida Mahmody



Viðburður Amnesty International í Búlgaríu.

© Ilian Ruzhin





### Alþjóðlega herferðin *Let Children Live*.

Í þátttökulöndunum voru haldnir margs konar viðburðir til að vekja athygli á herferðinni og berjast fyrir rétti barnanna til lífs. Nöfnum þeirra var meðal annars varpað á byggingar í stórborgum, þau lesin upp af ráðamönnum, kynnt með list-rænum gjörningum og haldið á lofti með skiltum á samstöðu-fundum og kröfugöngum.

Á Íslandi náði herferðin hápunkti þann 6. september en þá stóðu vel á annað hundrað samtök, félög og hópar fyrir fjöldafundinum *Þjóð gegn þjóðarmorði* á Austurvelli og víðar um land. Þúsundir komu saman í veðurblíðu til að styðja kröfur fundarins um að íslensk stjórnvöld gripu til tafarlausa og markvissra aðgerða gegn hópamorðinu á Palestínubúum á Gaza. Íslandsdeild Amnesty og Barnaheill mönnuðu tjald á Austurvelli og buðu gestum fundarins að skrá sig til þátttöku í herferðinni og skrifa nafn barns á kröfuskilti. Nöfn meira en 200 palestínskra barna bar þannig við bláan himin þennan haustdag í miðbæ Reykjavíkur. Börnin á hernumda svæðinu í Palestínu eiga skilið að lifa.



Víða mátti sjá skiltin okkar á lofti á *Þjóð gegn þjóðarmorði* á Austurvelli.



Þátttakendur í *Let Children Live* á *Þjóð gegn þjóðarmorði* á Austurvelli.



Vel gekk að úthluta nöfnum til áhugasamra.



Fjöldi fólks mætti á *Þjóð gegn þjóðarmorði* til að krefjast aðgerða íslenskra stjórnvalda.

# SAMTAKAMÁTTUR TIL SIGURS –

Við lifum á tímum þar sem frelsi okkar fer þverrandi, borgaralegum réttindum hefur hnignað, valdboðsstefna og ein-ræðistilburðir fara vaxandi, gagnrýnisraddir eru þaggaðar og mótmælendur beittir auknu harðræði, loftslagsváin vomir yfir okkur og grafið er undan hinu alþjóðlega mannréttindakerfi. Það er auðvelt að láta hugfallast á þessum erfiðu tímum og finnast sem við fáum litlu um breytt. Staðreyndin er þó sú að enda þótt við getum ekki breytt öllu getum við öll breytt einhverju.

Ljósíð í myrkrinu er árleg alþjóðleg herferð Amnesty International, *Pitt nafn bjargar lífi*. Hún er stærsta mannréttinda-herferð í heimi, haldin í rúmlega 200 löndum og landsvæðum á svipuðum tíma á aðventunni. Þá koma hundruð þúsunda saman og setja nafn sitt á bréf til yfirvalda sem brjóta mannréttindi og krefjast úrbóta í þágu þolenda brotanna. Einnig hvetja samtökin til þess að fólk skrifi stuðningskveðjur til þolenda og fjölskyldna þeirra, sem er ekki síður mikilvægt til að veita þeim fullvissu um að heimurinn hafi ekki gleymt þeim og halda voninni lifandi.

## HVERNIG VIRKAR HERFERÐIN?

### ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI - HRINGEKJAN



Til að vekja athygli á herferðinni var Harpa lýst upp í gulu, einkennislit Amnesty International, á alþjóðlega mannréttindadeginum, 10. desember. Perlan og Hof voru einnig lýst upp um sama leyti.

## UPPHAF HERFERÐARINNAR

Hugmyndin að *Pitt nafn bjargar lífi* kviknaði meðal vina sem voru í aðgerðahópi Amnesty International í Varsjá í Póllandi árið 2001. Þeir ákváðu að fagna alþjóðlegum mannréttindadegi þann 10. desember með sérstöku sniði. Úr varð bréfamaraþon þar sem vinirnir og aðrir aðgerðasinnar komu saman og skrifuðu áköll í 24 tíma sleitulaust til stjórnvalda sem brjóta mannréttindi. Herferðin hefur síðan þróast og stækkað í gegnum árin en grunnurinn er alltaf sá sami: að sameina fólk um heim allan til að berjast fyrir réttlátari heimi.

Herferðin hefur itrekað sannað að í krafti samtakamáttarins er hægt að bregða birtu á brot sem annars þrífast í myrkri og gleymsku, og bjarga lífi þolenda mannréttindabrota. Þegar milljónir undirskrifta og bréfa berast á skömmum tíma er erfitt fyrir stjórnvöld að líta undan en alls hefur verið gripið til rúmlega 50 milljóna aðgerða í herferðinni frá upphafi og jákvæðar breytingar hafa orðið í málum rúmlega 100 einstaklinga. Samviskufangar hafa verið leystir úr haldi, pyndarar sóttir til saka og fangar á dauðadeild náðaðir.

Á hverju ári fær Amnesty International send þakklætisorð frá þolendum mannréttindabrota úr herferðinni þar sem þeir tjá hversu mikils virði stuðningur frá fólki hvaðanæva hefur verið þeim og jafnvel leitt til þess að þeir hafi fengið frelsi sitt á ný.

# ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

## ÞÁTTAKA ÍSLENDINGA OG SAMKENNDARNÁLGUN

Íslendingar hafa sannarlega lagt lóð á vogarskálar baráttunnar og hefur sú þátttaka skipt sköpum enda má áætla að nærri 1% Íslendinga grípi til aðgerða á hverju ári. Það er töluvert hærra hlutfall íbúa en nokkurs staðar annars staðar í heiminum.

Herferðin hófst af fullum þunga um miðjan nóvember með viðburði í Háskóla Íslands (sjá bls. 37). Í lok nóvember, annað árið í röð, sófnuðu nemendur úr IB-námi í MH undirskriftum fyrir herferðina í Kringlunni en það var hluti af námi þeirra að láta gott af sér leiða í þágu góðs málefnis. Einnig var endurvakinn viðburður á skrifstofu deildarinnar í tengslum við herferðina þar sem gestum bauðst að skrifa stuðningskveðjur til þolenda málanna og fjölskyldna þeirra í notalegri stemningu á aðventunni.

Þá hafa aðgerðasinnar á Akureyri, Egilsstöðum og Kópaskeri staðið vaktina af mikilli elju í árafjöld og safnað ótrúlegum fjölda undirskrifta á kaffihúsum og jólamörkuðum en margir íbúar á þessum stöðum mæta árlega á viðburðina og líta á þá sem hluta af undirbúningi jóla. Kristín,



## BARÁTTAN BER ÁRANGUR

Eitt af málum *Þitt nafn bjargar lífi* árið 2023 var mál Rockys Myers sem er svartur maður með þroskahömlun. Rocky hafði þá setið á dauðadeild í Alabama í þrjá áratugi. Hann var sakfelldur fyrir morð þrátt fyrir að vitnisburður gegn honum hefði einkennst af ósamræmi. Hundruð þúsunda einstaklinga um heim allan kröfðust þess að ríkisstjóri Alabama náðaði Rocky og í febrúar 2025 varð það loks að veruleika. Baráttu Rockys fyrir réttlæti er þó ekki lokið þar sem hann leitar réttlætis vegna brots á málsmeðferð í máli sínu.

Mál Rockys er eitt af fjölmörgum málum þolenda mannréttindabrotanna sem tekin hafa verið upp í alþjóðlegri herferð Amnesty International og leiðt til jákvæðra breytinga í krafti samtakamáttarins.

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR 2025

**Heildarfjöldi: 35.665 undirskriftir**

18% fækkun undirskrifta frá 2024 ef miðað er við fjölda mála.

**Framhaldsskólar: 4.584 undirskriftir**

4,5% fækkun á milli ára ef miðað er við fjölda mála.

**Grunnskólar: 2.013 undirskriftir**

14% fækkun á milli ára.

**Stuðningskveðjur: 335 kveðjur**

44% fjölgun frá árinu 2024.

Málin í ár voru átta, nokkru færri en fyrri ár.

aðgerðasinni á Akureyri, segir þetta kærkomið verkefni til að komast í jólaslap (sjá viðtal á bls. 36).

Fjöldi bókasafna, grunnskóla og framhaldsskóla hélt einnig áfram þátttöku sinni og keppni var haldin um flestar undirskriftir á meðal framhaldsskólanna. Að þessu sinni bar Menntaskólinn við Hamrahlíð sigur úr þytum og safnaði flestum undirskriftum á málin en Framhaldsskólinn á Laugum safnaði flestum undirskriftum miðað við nemendafjölda. Grunnskólar tóku einnig öflugan þátt í undirskriftasöfnuninni og skrifuðu stuðningskveðjur.

Þá var ný nálgun í forgrunni í fræðslustarfinu þar sem lögð var áhersla á að virkja samkennd bæði meðal nemenda í skólum landsins og almennings og mæltist hún mjög vel fyrir (sjá bls. 10).

Þá tóku nokkrir áhrifavaldar, sem láta sig mannréttindi varða, upp myndband af sér og deildu með fylgjendum sínum á samfélagsmiðlum til að hvetja þá til að skrifa undir málin.

Íslandsdeild Amnesty International þakkar öllum þeim sem tóku þátt í og lögðu herferðinni lið árið 2025.

Hvert einasta ákall lýsir upp myrkvaða staði sem mannréttindabrot þrífast í. Hver einasta stuðningskveðja heldur baráttuanda þolenda brotanna lifandi. Hver einasta aðgerð vegur þungt í baráttunni gegn mannréttindabrotum. Höldum baráttunni áfram!



Nemendur úr IB-námi í MH stóðu sig vel í að safna undirskriftum í Kringlunni.

# ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI 2025



**SUDUR-AFRÍKA**

## RÉTTLÆTI FYRIR ÞRIGGJA ÁRA DRENG SEM LÉST Á LEIKSKÓLA

Unecebo Mboteni, þriggja ára drengur, féll ofan í kamar á leikskóla sínum þann 18. apríl 2024 í austurhluta Cape-héraðs. Degi síðar lét hann lífið. Ári síðar hefur fjölskylda hans ekki fengið svör við því hvers vegna þessi harmleikur átti sér stað. Enginn hefur verið dreginn til ábyrgðar.



**TÚNIS**

## FANGELSUÐ FYRIR GAGNRÝNI

Sonia Dahmani er lögfræðingur sem hefur helgað líf sitt baráttunni fyrir mannréttindum. Öryggissveitir í Túnis handtóku hana í maí 2024 fyrir að tjá sig um málefni á borð við kynpáttafordóma. Sonia var sakfelld og dæmd til fangavistar á grundvelli tilhæfulausrar ákæru um að „dreifa fólkskum fréttum“. Hún var leyst úr haldi með skilyrðum þann 27. nóvember 2025 en hún sætir enn rannsóknum sem eru af pólitískum meiði. Hún á yfir höfði sér margra ára fangelsi fyrir að tjá sig um óréttlæti.



**MJANMAR**

## 20 ÁRA FANGELSI FYRIR FRÉTTAÖFLUN UM FELLIBYL

Fjölmiðlun er hættuleg starfsgrein í Mjanmar. Í kjölfar þess að fellibylurinn Mocha reið yfir landið í maí 2023 ferðaðist blaðaljósmyndarinn Sai Zaw Thaike til Rakine-héraðs til að greina frá eftirköstum fellibylsins en var handtekinn. Sai Zaw var síðan dæmdur í 20 ára fangelsi af hurrétti í september 2023. Hann hefur mátt þola einangrunarvist og barsmíðar af hálfu starfsfólks fangelsisins.



**MADAGASKAR**

## NEYDDIST TIL AÐ FLÝJA HEIMILI SITT Í KJÖLFAR ÞURRKA

Damisoa flúði ásamt fjölskyldu sinni hungursneyð í Androy-héraði í suðurhluta Madagaskar árið 2021 vegna þurrka á svæðinu. Í stað þess að eignast betra líf í Boeny í norðvesturhluta landsins eins og vonir stóðu til var þeim úthlutað bágbornum húsakosti á svæði sem stjórnvöld settu á laggirnar fyrir endurbúsetu fólks vegna þurrka. Þar er vatn af skörum skammti og hreinlætisaðstaða slæm.



## EKVADOR

## BERJAST GEGN EYÐILEGGINGU AF VÖLDUM GASBRUNA

Baráttustúlkur Amazon-skógarins berjast, ásamt samtökunum UDAPT og samvinnuhópi sem kallar sig Eliminen los Mecheros, Enciendan la Vida (Stöðvið gasbruna, tendrið líf), gegn eyðileggingu af völdum gasbruna. Þessi hópur ungra kvenna frá Ekvador sætir ofbeldisfullum hótunum vegna baráttu sinnar gegn loftslagsvánni. Árið 2021 úrskurðaði dómstóll í Ekvador að gasbruni bryti gegn mannréttindum og réttinum til heilnæms umhverfis og var stjórnvöldum fyrirskipað að stöðva notkun hans. Þrátt fyrir það logar hann víða enn.



## HONDÚRAS

## MYRTUR FYRIR AÐ VERNDA UMHVERFI SITT

Allt frá árinu 2015 lögðu Juan López og aðrir aðgerðasinnar frá Tocoa-héraði í norðurhluta Hondúras sig fram um að verja umhverfi sitt gegn námuvinnslu og orkuframleiðslu sem ógnuðu ám, skógum og þjóðgarði. Juan var skotinn til bana 14. september 2024 í bíl sínum á leið frá kirkju af grímu-klæddum byssumanni. Meintur byssumaður og tveir grunaðir vitorðsmenn hafa verið ákærðir fyrir morð. Réttarhöldin hafa enn ekki farið fram.



## KAMBÓDÍA

## SAKFELLD FYRIR UMHVERFISVERND

Baráttuhópurinn Móðir náttúra Kambódía (e. Mother Nature Cambodia) hefur barist ötullega fyrir umhverfisvernd frá árinu 2013. Allt frá árinu 2016 hafa yfirvöld ítrekað gert atlgögu að hópnum með handtökum og saksóknum. Sex aðgerðasinnar hópsins voru dæmdir í sex til átta ára fangelsi í júní 2024. Einn þeirra flúði Kambódíu til að geta haldið starfi þeirra áfram en hinir fimm þurfa að þola erfiðar aðstæður í fangelsi.



## NOREGUR

## SAMAR BERJAST FYRIR LANDI SÍNU OG MENNINGU

Ellinor Guttorm Utsi er samísk frumbyggjakona sem berst fyrir því að vernda ævafora lífshætti samfélags hreindýra-hirðingja í norðurhluta Noregs. Ráðgert er að reisa hundruð vindmylla á landsvæði Sama, sem ógnar beitolandi þeirra og menningu. Norsk stjórnvöld verða að virða rétt Sama til þátttöku í ákvarðanaferli sem hefur áhrif á landsvæði þeirra og lífsviðurværi.

# UNDIRSKRIFT ER MEÐ BETRI GJÖFUM

Kristín Thorberg er ötul baráttukona fyrir mannréttindum sem staðið hefur fyrir undirskriftasöfnun í nokkur ár á Akureyri en hún kynntist fyrst samtökunum þegar hún var 17 ára gömul í námi í Danmörku. „Ég fór fyrst til Danmerkur til að læra dönsku og í framhaldi af því fór ég í hjúkrunarnám. Náms-tíminn minn í Danaveldi varði í sex ár og kom ég heim sem hjúkrunarfræðingur með sérnám í svæfingahjúkrun og fékk vinnu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Á námstímabilum mínum við Háskólann á Akureyri frá 1991 til 2024 kynntist ég Sigríði Halldórsdóttur prófessor og fór að taka þátt í *Pitt nafn bjargar lífi*, sem var kærkomið verkefni fyrir mig til að komast í jólasöfnun og byrja undirbúning jóla á undirskriftasöfnuninni.“ Sigríður Halldórsdóttir hafði í áráðir verið með viðburði á Akureyri tengda herferðinni þar til Kristín tók við keflinu árið 2020.

Kristín safnar undirskriftum á aðgerðakort sem eru með upplýsingar um öll málin í herferðinni og kröfur til stjórnvalda um að gera úrbætur. Að sögn Kristínar er það að skrifa undir aðgerðakortin áþreifanleg athöfn sem skiptir mjög miklu máli. „Þessi aðgerð fær fólk til að stoppa og gefa sér tíma til að skrifa með eigin hendi undir hvatningu til margra yfirvalda sem eru að brjóta grimmilega á mannréttindum sinna borgara fyrir engar sakir. Einnig tel ég það skipta miklu máli að við sem lifum í landi sem er frjálst og mannréttindi nær sjálfsgöð eigum að geta sýnt samhygð og kærleika með þessari einföldu aðgerð í desember. Það minnir okkur á að okkar forréttindi eru dýrmæt og það má bera boðskapinn um frelsi um allan heim.“

Að sögn Kristínar er eitt af því sem gerir *Pitt nafn bjargar lífi* að gleðilegum viðburði í jólaundirbúningnum „allt þetta frjálsa og glaða fólk sem er tilbúið að sýna samhygð og láta mannréttinda-



baráttuna sig varða. Vil ég nefna sem dæmi að í ár fá yfirvöld í Noregi 768 undirskriftir á aðgerðakort frá Akureyri, með ósk um að auka mannréttindi hreindýrabænda í Lapplandi, þ.e. hætta að skemma beitolönd þeirra með vindmyllugörðum.“

Aðspurð hvernig hún fái íbúa á Akureyri og nærsveituna til þátttöku

í herferðinni segir Kristín að fólkið á Akureyri þekki orðið vel til átaksins sem fer fram á Amtsbókasafninu, kaffihúsinu í Pennanum-Eymundsson og í Háskólanum á Akureyri. „Það gæti þó verið gagnlegt að hafa sérstaka kynningu, til dæmis í sjónvarpsþáttum fyrir börn, um hvernig *Pitt nafn bjargar lífi* er hugsað og hverju það getur skilað, til dæmis með dæmisögum um þann árangur sem náðst hefur í málum einstaklinga og hópa í gegnum árin. Ég tel áhrifaríkast að segja frá hverju þetta skilar í raunveruleikanum. Það skiptir máli að Amnesty International segi frá góðum fréttum af málum einstaklinga sem barist er fyrir, sérstaklega í dag, því þegar maður hefur mikinn baráttuhug og eldmóð til að láta gott af sér leiða þá eru verðlaunin góðar fréttir.“

Kristín segir að það komi fólki mjög á óvart að ekki sé verið að biðja um pening í herferðinni heldur einungis undirskrift, „en það er í raun mun betri gjöf en einhverjar krónur og aurar, og sýnir samhygð fólks í verki“.

Kristín á sannarlega þakkir skilið fyrir sitt framlag til mannréttindabaráttunnar og er hvatning fyrir aðra til að leggja sitt af mörkum fyrir réttlátari heimi.



Kristín Thorberg hefur staðið fyrir söfnun undirskrifta á Amtsbókasafninu og Pennanum-Eymundsson undanfarin ár.

# HÁSKÓLASAMSTARF

Vísindaferðir háskólanema til Íslandsdeildar Amnesty International eru ómissandi hluti af fræðslu- og ungliðastarfinu. Haustið 2025 óskuðu fjögur nemendafélög Háskóla Íslands eftir slíkri heimsókn. Tvö fimmtudagskvöld í september tók deildin á móti nemendum í fræðslu, og bauð upp á veitingar og einlægt spjall um aðgerðir í þágu mannréttinda. Fyrra kvöldið mættu 25 nemendur frá *Homo* (félagi mannfræðinema), *Normi* (félagi félagsfræðinema) og *Soffiu* (félagi heimspekinema) og seinna kvöldið tók deildin á móti 15 nemendum frá *Politica* (félagi stjórnmálafræðinema).

Háskólanemarnir hlýddu á erindi um störf Amnesty International og Íslandsdeildarinnar, ekki síst ný námsgögn fræðslustýru og kennslunálgun þar sem lögð er áhersla á að þjálfa markvisst samkennd nemenda (sjá bls. 10). Áhugasamir nemendur tóku einnig þátt í alþjóðlegu herferðinni *Let Children Live* (sjá bls. 30) og sátu fyrir á ljósmyndum með nöfn barna á Gaza á lofti.

## HÁSKÓLADAGUR AMNESTY INTERNATIONAL

Frekara samstarf við félög nemenda í mannfræði og félagsfræði fæddist eftir vísindaferð þeirra og úr varð að *Háskóladagurinn* var haldinn í Háskóla Íslands þann 12. nóvember.

Að deginum til var hin árlega mannréttindaherferð *Þitt nafn bjargar lífi* kynnt gestum Háskólatorgs. Mannfræðinemendur, starfsfólk og ungliðar Amnesty söfnuðu undirskriftum fyrir þolendur mannréttindabrota, og buðu um leið upp á gular bollakökur. Tvö mál ársins tengdust börnum (frá Ekvador og Suður-Afríku, sjá bls. 34–35) og voru þau sérstaklega kynnt í nýrri útfærslu háskólanemanna, byggðri á fræðslunálgun deildarinnar um þjálfun samkenndar.

Að kvöldi dags var nemendum *Homo* og *Norms* (og öðrum áhugasömum) boðið upp á spurningakeppni í Stúdentakjallaranum. Þar fræddust 32 keppendur um herferðina *Þitt nafn bjargar lífi* í gegnum spurningar sem tengdust málum ársins. Spurningakeppnin gekk eins og í sögu og vinningsliðið fékk að launum gjafabréf hjá Stúdentakjallaranum. Sama kvöld var dregið í mannréttindabingó og hreppti sá vinningshafi einnig gjafabréf hjá Stúdentakjallaranum.

## FREKARA SAMSTARF VIÐ HÁSKÓLANEMA

Háskólahópur Amnesty International á Íslandi hefur verið lítið virkur undanfarið en *Háskóladagurinn* var áminning um gleðina og kraftinn sem býr í þeim aldurshópi. Mikill áhugi ríkir hjá deildinni fyrir því að endurvekja háskólahópin eða hvetja háskólanemendur til þátttöku í aðgerðastarfi með öðrum hætti. Á meðan dagskráin stóð yfir í Háskóla Íslands söfnuðust rúmlega 1.000 undirskriftir í herferðinni. Stefnt er að því að endurtaka leikinn að ári og leita eftir samstarfi við sem flest áhugasöm nemendafélög í háskólum landsins.



Spurningakeppni fyrir háskólanemendur.



Vísindaferð nemenda Háskóla Íslands.



Mannfræðinemarnir Marta Sóley Hlynisdóttir og Sean Ægis söfnuðu undirskriftum á Háskólatorgi.



Ljósmyndaaðgerð á Háskólatorgi á Háskóladeginum í nóvember.

# SAMFÉLAGSMIÐLAR

Samfélagsmiðlar eru einn mikilvægasti vettvangur Íslandsdeildar Amnesty International til að miðla mannréttindamálum og virkja almenning til þátttöku og stuðnings. Árið 2025 gegndu Facebook og Instagram áfram lykhlutverki í að ná til fólks. Í september hóf deildin að nota TikTok í meira mæli. Fyrsti samfélagsmiðlafulltrúi deildarinnar, Stefanía Sigurðís Jóhannudóttir, hóf störf um haustið til að auka sýnileika deildarinnar, efla samskipti við fylgjendur og leita leiða fyrir deildina að nýta samfélagsmiðla í takt við eiginleika hvers miðils.

Notkun samfélagsmiðla hefur orðið markvissari. Á árinu 2025 var lögð áhersla á viss málefni og herferðir í auglýsingum og færslum á samfélagsmiðlum yfir ákveðið tímabil. Meðal áherslna var hóp morðið á Palestínubúum á Gaza, aukin valdboðs stefna í heiminum og herferðin *Let Children Live* (bls. 30). Samhliða umfjöllun á samfélagsmiðlum var fólk hvatt til að skrifa undir tiltekin mál tengd þessum áherslum.

Á árinu 2025 voru samfélagsmiðlar í auknum mæli nýttir í fjáröflun og stækkun stuðningshóps okkar sem fær nú reglulega tölvupósta um starfið, herferðir og áriðandi mál.

## FJÖLGUN FYLGJENDA

Efni deildarinnar náði í ríkari mæli út

## FYLGJENDUR Í LOK ÁRS 2025

Facebook  
**20.000**  
TikTok  
**480**  
Instagram  
**3.500**



fyrir hefðbundinn fylgjendahóp, bæði með áhrifaríkum færslum og borguðum auglýsingum. Fylgjendum á Instagram og Facebook hélt áfram að fjölga milli ára og á Instagram náði efnið til um 40% fleiri einstaklinga en árið áður.

Á TikTok tvöfaldaðist fjöldi fylgjenda á síðustu mánuðum ársins. Samstarf við áhrifavalda, listafólk, tónlistarfólk og leikara hefur þar leikið lykhlutverk í myndböndum okkar á TikTok. Myndbönd voru gerð fyrir herferðirnar *Let Children Live* og *Þitt nafn bjargar lífi*, sem fengu mikla athygli. Samhliða því hafa myndbönd frá samfélagsmiðlafulltrúa, fræðslustýru og ungliðum einnig notið sín á TikTok.

## SAMSKIPTI VIÐ FYLGJENDUR

Það er mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr fyrir samtök eins og Amnesty

að vera bæði virk og sýnileg á samfélagsmiðlum á tímum aukinnar valdboðs stefnu (sjá bls. 6) og upplýsingaóreiðu. Sérstaklega þar sem miðlar eins og TikTok og Instagram eru helsti samfélagsmiðill ungmenna, og í raun alls almennings, sem miðlar upplýsingum og afþreyingu án ritskoðunar. Áhersla er því lögð á að skilja hvernig við höldum í fylgjendur Íslandsdeildarinnar og náum til nýrra hópa.

Unnið var að því að útbúa viðmið fyrir deildina varðandi athugasemda kerfi á samfélagsmiðlum. Markmiðið er að efla samband við fylgjendur og aðra notendur sem best og tryggja að öll samskipti séu með virðingu að leiðarljósi. Samskiptin þar krefjast oft sneggrri og óformlegri viðbragða en jafnframt er mikilvægt að þau endurspegli gildi og ímynd samtakanna.

# FJÖLMIÐLAR

Áhugi fjölmiðla á efni frá Amnesty International hefur farið minnkandi í gegnum árin en umfjöllun í fjölmiðlum árið 2025 þar sem minnst var á samtökin var þó aðeins meiri en árið áður. Helst tengdist hún umræðum sem voru í brennidepli í samfélaginu hverju sinni.

## HÓPMORÐIÐ Á GAZA

Langflestar umfjallanir tengdust Gaza með einum eða öðrum hætti eða um 40%.

*Þjóð gegn þjóðarmorði*, fjöldafundur gegn hópmorði á Gaza, fékk mikla umfjöllun þar sem að baki fundinum stóðu mörg samtök, félög og hópar og var Íslandsdeild Amnesty International á meðal þeirra. Anna Lúðvíksdóttir framkvæmdastjóri deildarinnar var einnig með erindi á málþingi tengdu fjöldafundinum sem fjallað var um í fréttum RÚV. Hún greindi frá skýrslu Amnesty um hópmorðið á Gaza og Baldur Þórhallsson, prófessor og rannsóknastjóri Rannsóknaseturs um smárikki, var annar framsögumaður á málþinginu.

Umfjöllun tengd Söngvakeppni Evrópu og íþróttum var einnig í brennidepli á Íslandi þar sem vísað var í samtökin og kallað eftir því að Ísrael yrði vikið úr Söngvakeppninni og bannað að keppa á íþróttamótum.

## VIÐTÖL

Í byrjun árs var mikið fjallað um Donald Trump þegar hann tók við forsetaembætti. Í janúar mætti Eva Einarsdóttir formaður deildarinnar í viðtal hjá *Speglinum* á Rás 1 og framkvæmdastjóri í viðtal hjá kvöldfréttum Stöðvar 2 vegna forsetatilskipana Trumps Bandaríkjaforseta. Í sama mánuði var Árni Kristjánsson, ungliða- og aðgerðastjóri deildarinnar, gestur í hlaðvarpinu hjá *Rauða borðinu* þar sem Trump kom einnig til tals.

Um vorið fékk ungliðahreyfingin góða kynningu í *Mannlega þættinum* á Rás 1 þar sem Heiðrún Vala Hilmarsdóttir og Cynthia Anne Namugambe (sjá viðtal bls. 18) mættu fyrir hönd ungliða ásamt ungliða- og aðgerðastjóra og greindu frá starfinu. Heiðrún Vala og Cynthia sögðu einnig frá því hvers vegna þær ákváðu að



Anna Lúðvíksdóttir framkvæmdastjóri í viðtali á Stöð 2 í janúar 2025.

ganga til liðs við deildina og hvað skipti þær máli í mannréttindabaráttunni.

Hinsegin mál voru einnig mikið í umræðunni í samfélaginu. Helsta innlegg deildarinnar í fjölmiðlum var viðtal við Senthoran Raj (sjá viðtal bls. 23) sem var gestur í boði Íslandsdeildarinnar á Hinsegin dögum. Sen var í ítarlegu viðtali hjá Ríkissjónvarpinu og tímariti Hinsegin daga og ræddi stöðu hinsegin málefna í alþjóðlegu samhengi sem mannréttindalögfræðingur og fræðimaður.

Lina frá Sýrlandi, sem var gestur okkar á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni RIFF vegna heimildarmyndar sinnar (sjá bls. 14), fór í ítarlegt viðtal hjá Morgunblaðinu sem einnig var birt á vefmiðlinum. Þar ræddi hún um stöðu mála í heimalandi sínu og heimildarmynd sína.

Á haustmánuðum fór framkvæmdastjóri deildarinnar í viðtal í þættinum *Reykjavík síðdegis* á Bylgjunni til að ræða um handtöku Möggu Stínu af hálfu ísraelskra yfirvalda út frá alþjóðalögum.


## EFNI SENT FRÁ ÍSLANDSDEILDINN

Allir helstu fjölmiðlar birtu yfirlýsingu Íslandsdeildar Amnesty International í desember vegna fréttu um ítrekaða beitingu einangrunarvistar á ungri konu sem þjáist af ýmsum röskunum. Minnt var á að langvarandi einangrunarvist er skaðleg og skal beiting hennar heyra til


algjörra undantekninga. Upphaf fréttu um málið má rekja til þáttar *Kveiks* um fanga á Íslandi með geðrænan vanda í einangrun sem sýndur var í október.

Deildin greinir dvínandi áhuga fréttamiðla á að birta fréttatilkynningar frá deildinni. Þó má nefna að tveir fréttamiðlar fjölluðu um ársskýrslu Amnesty International um stöðu mannréttinda í heiminum eftir að deildin sendi fréttatilkynningu í lok apríl. Einn miðill birti grein um heimildarmyndina *5 Seasons of Revolution* á RIFF og birtu aðeins tveir fréttamiðlar frétt um okkar árlegu herferð *Þitt nafn bjargar lífi* en það skýrist eflaust af því að ekki var um neinn stóran viðburð að ræða til að vekja athygli á herferðinni.

## HVERS KONAR FJÖLMIÐLAR?



## BIRTINGAR Í FJÖLMIÐLUM





# LJÓSMYNDASÝNINGIN *NÆRVERA*

Myndir frá þátttakendum  
sem sýna fjölbreytnina og  
hugmyndaflugið.

*NærVera* var eitt af samstarfsverkefnum Íslandsdeildar Amnesty International á árinu en verkefnið var á vegum Félags Sameinuðu þjóðanna og ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Stefanía Sigurðis Jóhannudóttir, samfélagsmiðlafulltrúi Íslandsdeildar Amnesty International, stýrði verkefninu, sem hlaut styrk frá Loftslagssjóði ungs fólks í Reykjavík. Erla Sverrisdóttir aðstoðaði við sýningarstjórnun.

Sýningin samanstóð af ljósmyndum úr 25 einnota filmu-myndavélum sem dreift var til 30 einstaklinga á aldersbilinu 6 til 75 ára. Þátttakendur leituðust við að fanga nærumhverfi sitt með áherslu á náttúruna innan marka Reykjavíkur úr sínu daglega lífi. Myndefnið var fjölbreytt og persónulegt. Þar mátti sjá augnablik fönguð á filmu sem oft fara fram hjá okkur og opinbera það hvernig náttúran er til staðar, jafnvel þegar við erum ekki endilega meðvituð um það.

Markmið verkefnisins var að hvetja þátttakendur til að íhuga tengsl sín við náttúrulegt umhverfi og veita rými spurningum um samneyti okkar við náttúruna: Hvar hittum við hana? Hvernig birtist hún okkur í hversdagsleikanum? Erum við alltaf meðvituð um nærveru hennar og áhrif? Þátttakendur voru einnig hvattir til að íhuga myndræn tákni fyrir

þau vandamál sem tengjast misnotkun á náttúrunni og/eða áhrifum loftslagsbreytinga.

Ljósmyndirnar endurspegluðu fjölbreytta upplifun og sjónarhorn. Hið manngerða mætti hinu náttúrulega. Frá nánnum fundum við plöntur, dýr, landslag og veður til augnablika þar sem náttúran rýfur hversdagsleikann og birtist okkur jafnvel óvænt í skugga, hljóði eða hreyfingu.

*NærVera* var opnuð þann 1. desember í Loftskýrastöðinni og stóð í um þrjár vikur. Á opnuninni var boðið upp á veitingar eftir matarhönnuðinn og listakonuna Elínu Ringsted. Matjurtaframleiðandinn Vaxa styrkti verkefnið með sprettum sem gæddu veitingarnar lífi.

Ljósmyndasýningin tengdist hinni árlegu mannréttinda-herferð Amnesty *Þitt nafn bjargar lífi* (sjá bls. 32) þar sem mörg mál ársins tengdust náttúrunni í gegnum umhverfisvernd. Sérstaklega má nefna baráttustúlkur Amazon-skógarins frá Ekvador sem berjast gegn gasbruna í heimalandi sínu og baráttuhópin Móður náttúru frá Kambódíu, en fimm þeirra aðgerðasinna eru í haldi fyrir umhverfisvernd. Herferðin minnir á að virðing fyrir náttúrunni er ekki sjálfsgöð alls staðar. Á sýningunni var því sérstakt svæði tileinkað herferðinni þar sem gestir gátu lesið sér til um og skrifað undir málin.



Góð stemning var hjá gestum sýningarinnar.

# FRJÁLST AUKAFRAMLAG TIL STYRKJAR ALÞJÓÐASTARFI SAMTAKANNA

Um áratugaskeið hefur Íslandsdeildin greitt árlegt fast framlag til alþjóðaskrifstofu Amnesty International sem er reiknað út frá tekjum og kostnaði deildarinnar.

Í ljósi þess að deildin skilaði tekjuafgangi í lok árs 2025 samþykkti stjórn hennar að veita frjálst aukaframlag til alþjóðlegs mannréttindastarfs samtakanna. Annars vegar var samþykkt að greiða sjö milljónir til alþjóðaskrifstofu Amnesty International til að styðja enn

frekar við rannsóknastarf á mannréttindabrotum víða um heim og hins vegar að greiða fimm milljónir í neyðaraðstoðarsjóð (e. *Global Relief Programme*).

Markmið neyðaraðstoðarsjóðsins er að veita þolendum mannréttindabrota og baráttufólki fyrir mannréttindum sem eru í hættu fjárhagslega aðstoð, meðal annars með því að greiða fyrir lögfræðipjónustu, læknisþjónustu, sálrænan stuðning og öryggisráðstafanir.

Árið 2025 veitti sjóðurinn stuðning á heimsvísu sem nam um 294 milljónum íslenskra króna og studdi 5.380 einstaklinga frá 91 landi. Sjóðurinn var einnig nýttur til að styðja þrjú stefnumarkandi dómsmál þar sem dómsúrskurðir höfðu jákvæð áhrif á stóran hóp fólks.

Íslandsdeildin er stolt af því að geta stutt enn frekar við alþjóðastarf Amnesty International með þessum hætti, enda ekki vanþörf á, því víða er baráttufólki fyrir mannréttindum ógnað.

## HELSTU TEKJUR OG GJÖLD 2025


### TEKJUR

|                      |                    |
|----------------------|--------------------|
| Vonarljós mánaðarleg | 157.967.265        |
| Vonarljós árleg      | 1.519.500          |
| SMS                  | 47.209.686         |
| Stakir styrkir       | 6.290.150          |
| Söluvarningur        | 3.177.152          |
| Fyrirtækjastyrkir    | 636.000            |
| Vaxtatekjur          | 15.903.218         |
| <b>Samtals</b>       | <b>232.702.971</b> |

### ÚTGJÖLD


|                                  |                    |
|----------------------------------|--------------------|
| Fjáröflunarkostnaður             | 69.691.206         |
| Mannréttindastarf                | 59.062.237         |
| Framlag til alþjóðastarfs        | 34.306.363         |
| Skrifstofu- og rekstrarkostnaður | 47.656.175         |
| Húsnæðiskostnaður                | 2.386.587          |
| Afskriftir og fjármagnsgjöld     | 10.696.595         |
| <b>Samtals</b>                   | <b>223.799.163</b> |

TEKJUR 2025



Vonarljós mánaðarleg  
Vonarljós árleg  
SMS  
Stakir styrkir  
Söluvarningur  
Fyrirtækjastyrkir  
Vaxtatekjur

ÚTGJÖLD 2025



Fjáröflunarkostnaður  
Mannréttindastarf  
Framlag til alþjóðastarfs  
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður  
Húsnæðiskostnaður  
Afskriftir og fjármagnsgjöld

# FJÁRÖFLUN

Fjáröflun Íslandsdeildar Amnesty International byggist á fjölbreyttum tekjuleiðum sem gera okkur kleift að vera óháð pólitískum, trúarlegum og efnahagslegum hagsmunum.

Árið 2025 námu heildartekjur deildarinnar **232,7 milljónum króna**, að stærstum hluta frá mánaðarlegum Vonarljósum. Vonarljósín eru grundvöllur alls okkar starfs en samt sem áður eru fjölbreyttar tekjuleiðir mikilvægar til að draga úr áhættu og efla fjárhagslegt sjálfstæði.

## VONARLJÓS – GRUNNUR OG STÖÐ STARFSINS


Við vorum áfram í samstarfi við fyrirtækið Takk sem heldur utan um símhringiverkefni og rekstur Vonarljósa (mánaðarlegra og árlegra).

Tekjur frá árlegum Vonarljósum námu **1.519.500 kr.** og mánaðarlegum Vonarljósum **157.966.725 kr.**


Öflun Vonarljósa eykst með ári hverju og árið 2025 bættust **1.332 ný Vonarljós** í hópinn. Í lok árs voru **8.214 einstaklingar** skráðir sem Vonarljós. Jafnframt hækkuðu **1.283 einstaklingar framlag sitt á árinu**, sem undirstrikar traust og skuldbindingu Vonarljósa.

Símhringiverkefni hafa verið áhrifaríkasta leiðin til að ná til nýrra Vonarljósa og var sú öflugasta á árinu. Listum fyrir símhringiverkefni er aðallega safnað í gegnum samfélagsmiðla með undirskriftasöfnun.

TEKJUR FRÁ MÁNAÐARLEGUM VONARLJÓSUM



NÝ VONARLJÓS



## SMS-AÐGERÐANETIÐ

SMS-aðgerðanetið hefur um árabíl verið ein helsta tekjuleið deildarinnar og jafnframt mikilvægur hluti aðgerðastarfsins. Kerfið á sér enga hliðstæðu á Íslandi og var þróað af fyrirtækinu Stokki. Það fór í loftið í lok árs 2010 við góðar viðtökur fjarskiptafyrirtækja.

Því miður lokaði Vodafone fyrir þessa greiðsluleið fyrir sína notendur árið 2022 og Síminn mun loka fyrir hana í júní 2026. Lokun SMS-aðgerðanetsins fyrir viðskiptavinum þessara fyrirtækja felur ekki aðeins í sér tekjumissi, heldur einnig skerðingu á möguleikum almennings til að taka þátt í aðgerðastarfi okkar. SMS-félagar fá þrjú SMS í mánuði um mál sem hægt er að skrifa undir með því að svara skila-boðunum og þannig þrýsta á stjórnvöld við um heim.

Þróunin vekur spurningar um vilja íslenskra fyrirtækja til að leita tæknilegra lausna í þágu almannaheilla. Annars staðar á Norðurlöndum virðist annar tónn, til dæmis í Danmörku þar sem fjarskiptafyrirtæki hafa sameinast um sérstaka SMS-þjónustu fyrir félagasamtök. Við vonumst til að íslensk fjarskiptafyrirtæki sjái sér hag í að fara svipaða leið í framtíðinni.

Íslandsdeild Amnesty International heldur áfram að leita leiða að nýjum tæknilegum lausnum sem styðja við bæði fjáröflun og virka þátttöku almennings í mannréttindabaráttunni.

## STAKIR STYRKIR

Með árunum hefur orðið ljóst að sífellt fleiri einstaklingar vilja styðja starfið með stökum framlögum, sérstaklega þegar brýn mannréttindamál eru í umræðunni.

Samhliða úthringiverkefnum á vegum Takk fór deildin í nokkur verkefni með fyrirtækinu Símsstöðinni eins og fyrri ár en Símsstöðin safnar einungis stökum styrkjum fyrir deildina. Í ár söfnuðust um fimm milljónir króna.

## VISSIR ÞÚ AÐ ÞÚ FÆRÐ SKATTAFLÁTT AF FRAMLAGI ÞÍNU TIL AMNESTY?

Einstaklingar og fyrirtæki hljóta afslátt af framlögum sínum til almannaheillafélaga.


Fyrir einstaklinga þarf styrkfjárhæðin að vera að lágmarki 10 þúsund kr. á ári og hámarksskattafsláttur fæst fyrir 350 þúsund kr. framlag á ári. Dæmi:

Vonarljós sem greiðir 3.500 kr. á mánuði fær sjálfkrafa 1.330 kr. afslátt og greiðir því eingöngu 2.170 kr. úr eigin vasa. Þetta nemur 15.960 kr. afslætti á ári. Einstaklingur sem greiðir 10 þúsund kr. stakan styrk fær 3.800 kr. skattafslátt og greiðir því eingöngu 6.200 kr. úr eigin vasa.


\*Tekjuskattshlutfall er breytilegt en miðað er við 38% meðal-skattafslátt.

Fyrirtæki fá afslætti af styrkjum til almannaheillafélaga sem nemur allt að 1,5% af tekjuskattstofni. Ekki eru neinar reglur um hámark eða lágmark. Sem dæmi: fyrirtæki sem styrkir um eina milljón lækkar tekjuskatt sinn um 200.000 krónur ef miðað er við 20% skatt.

### STAKIR STYRKIR AF VEFSÍÐU



### VÖRUSALA AF VEFSÍÐU



Deildin sendir einnig reglulega út tölvupósta þar sem fjallað er um ýmis áriðandi mannréttindamál sem Amnesty vinnur að, með hvatningu til að styrkja starfið. Þessi samskipti hafa styrkt tengsl við stuðningsfólk og gert staka styrki að mikilvægi viðbót við reglulegar tekjur Vónarljósa.

### VÖRUSALA

Vörusala Íslandsdeildar Amnesty International hefur tekið breytingum með árunum. Um tíma voru jólakort helsta tekjuleiðin en þeirri sölu hefur nú verið hætt. Í kjölfarið hefur áhersla færst yfir á fjölbreyttara vöruúrval, meðal annars sokka, litabækur og taupoka.

Sokkasala hefur verið fastur liður í fjáröflun deildarinnar frá árinu 2019. Sokkasalan dróst því miður saman í ár frá fyrri árum þegar hún fór sífellt vaxandi. Þetta undirstrikar

mikilvægi þess að endurskoða vöruúrval og nálgun reglulega í takt við breyttar aðstæður og væntingar stuðningsfólks.

Þrátt fyrir samdrátt í heildarsölu á sokkunum árið 2025 gekk sokkapartí deildarinnar í Andrá vel og skapaðist þar góð stemning og sterk tenging við stuðningsfólkið okkar.

### ÁSKORANIR

Kostnaður við fjáröflun hefur aukist á undanförunum árum, bæði hér á landi og á alþjóðavísu. Amnesty-deildir um allan heim hafa fundið fyrir þessari þróun, samhliða aukinni samkeppni um athygli og stuðning almennings. Jafnframt hefur brottfall styrktaraðila aukist, sem gerir fjölbreyttar tekjuleiðir og markviss samskipti við Vónarljósin enn mikilvægari.

## SOKKAPARTÍ Í ANDRÁ



# AMNESTY- BÚÐIN

## Sokkar

Sokkarnir eru framleiddir í verksmiðju í Portúgal þar sem mikið er lagt upp úr sjálfbærni í framleiðsluferlinu.

---



## Tautaska

Þessi er æðisleg í sundferðina, búðina eða fyrir hvað sem er. Tautaskan er vönduð úr þykku bómullarefni frá umhverfisvænum framleiðanda.

---



## Litabók

Tilvalin gjöf í barnaafmælið! Litum fyrir mannréttindi er litabók fyrir þau sem finnst gaman að lita og vilja í leiðinni fræðast um frægt baráttufólk fyrir mannréttindum.

